Hjálpaði hóp að flýja Afganistan



Fréttir ➤ 6

Prentverk í Gallerý Porti



Lífið ➤ 16

Lögin lágu í leyni í áratugi



Tímamót ➤ 10

FRÉTTABLAÐIÐ

165. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 24. ÁGÚST 2021



Fjögur þúsund börn fædd árið 2006 og 2007 voru bólusett með bóluefni Pfizer í Laugardalshöll í gær og var það í fyrsta skipti sem börn undir 16 ára eru bólusett hér á landi. Um tveir þriðju hlutar þeirra barna sem fengu boð mættu í Höllina. Í dag verða börn fædd árið 2008 og 2009 bólusett. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fjölgunin aldrei meiri í hópi aldraðra á Íslandi

ser@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

**Fjölgun hjúkrunarrýma er ekki í samræmi við fjölgun aldraðra hér á landi. Níræðum hefur fjölgað um meira en 100 prósent á 20 árum.**

**SAMFÉLAG** Fjölgun hjúkrunarrýma og annarra dvalarkosta aldraðra hér á landi hefur ekki verið í neinu samræmi við fjölgun í hópi þeirra það sem af er þessari öld.

Árið 2009 voru 2.518 almenn hjúkrunarrými á Íslandi en voru orðin 2.716 tólf árum seinna, árið 2018. Fjölgun rýmanna á þessum tíma var því innan við 200. Þar fyrir utan eru 147 sérhæfð hjúkrunarrými og 833 dagdvalarrými á landinu.

Á sama tíma hefur fjölgað meira í hópi aldraðra en áður hefur þekkst, raunar langt umfram fjölgun í öðrum aldurshópum. Frá árinu 2000 til 2020 óx hópur 70 ára og eldri um 58 prósent á meðan landsmönnum öllum fjölgaði um 30 af hundraði, hópurinn taldi 22.526 einstaklinga árið 2000 en 35.492 tuttugu árum síðar.

Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borgara, segir þessa stöðu hafa verið fyrirséða í langan tíma. „Menn bjuggu sig ekki undir þetta,“ segir hann. „Það er sameiginlegt verkefni kynslóðanna að koma í veg fyrir að eldri kynslóðin leggist upp á þá yngri.“

Mesta fjölgunin er í hópi 80 ára og eldri og 90 ára og eldri. Árið 2000 var 7.471 Íslendingur eldri en 80 ára, en þeir voru orðnir 12.602 tuttugu árum síðar. Það er fjölgun um 69 prósent á sama tíma og þjóðinni fjölgaði alls um 30 prósent.

Í hópi 90 ára og eldri er fjölgunin 103 prósent, en yfir þeim aldri voru 2.310 manns árið 2020, samanborið við 1.137 árið 2020.

Ljóst er af þessum tölum að öldruðum hér á landi fjölgar mun hraðar en hjúkrunar- og dagdvalarrýmum, en þar fyrir utan bólar ekkert á öðrum úrræðum sem Landssamband eldri borgara kallar eftir.

Helgi telur að það þurfi millistig í búsetu eldri borgara. „Í dag er það þannig að fólk býr heima hjá sér þangað til það fer í þrot og svo er það flutt á hjúkrunarheimili. Það vantar áfangastað þarna á milli.“

Sér hann fyrir sér litlar íbúðir með góðu sameiginlegu rými. „Ég er 72 ára og er af hippakynslóðinni, við lítum allt öðruvísi á þetta. Við þurfum ekki dýrar 120 fermetra þjónustuíbúðir, við erum til í 50 fermetra íbúðir sem eru tengdar við þjónustukjarna.“ ■

**Mikil fjölgun á 20 árum**








Forráðamenn fylgdu börnum í bólusetningu í Laugardalshöll í gær.

## Yngri börn ekki á leið í bólusetningu

svavamarin@frettabladid.is

**COVID-19** „Við erum að hvetja til bólusetningar barna vegna aukins fjölda barna inniliggjandi í Bandaríkjunum vegna Delta-afbrigðisins,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. Bólusetningar 12 til 15 ára barna hófust í Laugardalshöll í gær, seinni hópurinn er boðaður í dag klukkan 10.

Börn voru ekki bólusett í sumar vegna mögulegra aukaverkana en vegna fjölda smita var ákveðið að endurskoða það. Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að smá kvíða hafi gætt hjá einum og einum sem mættu í gær.

Þórólfur segir bólusetningu yngri barna ekki áformuð. „Það þarf að skoða það ef bóluefnin verða samþykkt, ef við sjáum ekki niðurstöðu á því og þar sem viðeigandi rannsóknir hafa ekki verið gerðar erum við ekki með nein áform í gangi.“ ■

## Byrjað að kjósa til þings í Smáralind


Búið er að opna fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Smáralind og í Kringlunni. Samkvæmt upplýsingum frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið töluvert meiri aðsókn í þessar kosningar en í forsetakosningarnar í fyrra. Hafa margir áhyggjur af því að vera í einangrun eða sóttkví á kjördag og vilja því ljúka sinni lýðræðisskyldu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Tollurinn lagði hald á sjálfspróf

thorvardur@frettabladid.is

**COVID-19** Tollgæslan hefur stöðvað átta sendingar sem innihéldu sjálfspróf fyrir Covid-19. Sendingarnar voru bæði stílaðar á einstaklinga og fyrirtæki samkvæmt svari tollgæslunnar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Því lagði tollurinn hald á prófin á grundvelli upplýsinga frá Lyfjastofnun, þar sem um smitsjúkdóm er að ræða á greining að fara fram innan heilbrigðiskerfisins.

Sektum hefur ekki verið beitt gegn þeim sem reyndu að flytja inn prófin, þar sem um póst- eða hraðsendingar var að ræða. Þegar fluttur er til landsins varningur sem ekki er leyfður er fólki boðið að endursenda hann eða farga. Hefur öllum málunum lokið á þann veg.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra breytti í gær reglugerð sem kvað á um að einungis rann-



Suður-kóresk sjálfspróf við Covid-19.

sóknarstofur með starfsleyfi mættu greina hraðpróf. Nú segir þar að heilbrigðisstarfsmaður sem hlotið hefur tilskilda þjálfun eða starfsmaður sem fengið hefur þjálfun frá heilbrigðisstarfsmanni megi framkvæma greiningar með CE-vottuðu hraðprófi.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir að sjálfspróf gætu veitt falskt öryggi. Það væri betra að nota PCR-próf eða hraðpróf framkvæmd af heilbrigðisstarfsfólki. ■

# Heimsfrægur högni bjargar bágstöddum ferfætlingum

Kötturinn Baktus er löngu orðinn heimsfrægur og lætur áfram gott af sér leiða, bæði andlega og peningalega.

arnartomas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Kötturinn Baktus er löngu orðinn að einu helsta kennileiti miðbæjarins enda hefur fólk víðs vegar að úr heiminum heillast af framkomu hans, en hann er í senn sjálfsöruggur og alúðlegur. Þótt hinn tíu ára gamli högni státi nú af um 10.600 fylgjendum á Instagram hefur frægðin ekki stigið honum til höfuðs heldur lætur hann gott af sér leiða í góðgerðarmálum.

„Baktus er ekki með neinn söfnunarreikning sem slíkan, því það má ekki,“ segir Hafdís Þorleifsdóttir, eigandi Baktusar og fataverslunarinnar Gyllta kattarins. „Hann er bara venjulegur tíu ára köttur sem hefur þó gefið mikið af sér, bæði andlega og peningalega.“

Hafdís segir að sumir aðdáendur Baktusar krefjist þess stundum að fá að gefa honum pening þegar þeir leggja leið sína í gegnum bækistöðvar hans í Gyllta kettinum. „Það var einn eldri maður sem gaf honum 110 þúsund krónur fyrir einu og hálfu ári síðan,“ segir hún. „Mér fannst þetta skrítið þar sem hann þarf ekki á þessum pening að halda en setti peninginn þó til hliðar.“

Eigendur Baktusar eru hluti af samtökunum Villiköttum þar sem leitast er við að aðstoða bágstaddar kisur. Þegar söfnun fór af stað til að fjármagna kostnaðarsama aðgerð hjá einum kattanna dugðu peningarnir sem Baktus hafði fengið einmitt fyrir aðgerðinni. „Við borguðum þá aðgerð enda þarf Baktus ekki á peningunum að halda,“ segir Hafdís. „Hann er nægjusamur og fær nóg að borða heima hjá sér.“

Þótt Hafdísi þyki óþægilegt að taka við framlögum til Baktusar þá þiggur hún þau og leggur til hliðar fyrir dýr sem lenda í svipuðu klandri. „Dýr þurfa oft á hjálp að halda og þá getur verið gott að nýta peninginn til að aðstoða fólk sem hefur ekki efni á dýralækningum,“ segir hún. „Við Baktus borguðum fyrir hund um daginn þegar pabbi hans átti ekki alveg fyrir aðgerðinni.“

Þá bendir Hafdís á hve mikið Baktus gefi af sér andlega. „Það kom maður í búðina um daginn sem hafði komið ásamt eiginkonu sinni til landsins fyrir þremur árum og hitt Baktus,“ segir Hafdís. „Eiginkona hans komst ekki með í þetta skipti vegna heilsubrests en hennar heitasta ósk var að fá að tala við Baktus í gegnum Messenger, sem kom einmitt inn á sama tíma. Úr varð algjört táraflóð og konan sagði að þetta væri besti dagur lífs síns.“ ■


Baktus hefur ýmsum hnöppum að hneppa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Hann er bara venjulegur tíu ára köttur sem hefur þó gefið mikið af sér, bæði andlega og peningalega.
>
> Hafdís Þorleifsdóttir





VÖKVASKIMUN

Þegar þú drekkur jafnt og þétt yfir daginn mun þér líða betur!

Með drinkitnow brúsunum frá Þýskalandi er auðvelt að fylgjast með vökvaskimun yfir daginn.

**Ráðlagur dagsskammtur eru 2 lítrar af vökva.**
- Fyllir brúsann að morgni.
- Fylgir tímalínunni til hádegis.
- Fyllir aftur á brúsann.
- Fylgir tímalínunni.
- Ráðlögðum dagsskammti lokið.

drinkitnow Einfach mehr trinken...

STOÐ Bildshöfða | STOÐ Hafnarfirði | Stod.is

STOÐ




7 3+4 ÁBYRGÐ

3 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
570 5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
420 6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Gildir um alla nýja Toyota bíla, flutta inn af Toyota á Íslandi ehf., sem keyptir eru eftir 1. janúar 2019 (7 ára ábyrgð) og 1. janúar 2021 (3 ára þjónusta). Nánari upplýsingar á toyota.is.

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð og 3 ára þjónusta gildir eingöngu um nýja bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Brottfall úr framhaldsskólum sennilega minna í faraldrinum

svavamarin@frettabladid.is

**COVID-19** Brottfall hefur ekki aukist í framhaldsskólum landsins vegna Covid-faraldursins.

Elísabet Siemsen, rektor Menntaskólans í Reykjavík, segir að nemendur í MR fari nær undantekningarlaust yfir í aðra skóla ef þeir hætta. „Við teljum það mikilvægt að nemendur komist þá í aðra skóla en hverfi ekki frá námi. Mjög lítið var um að nemendur hættu vegna veikinda, í raun færri nemendur en árin á undan. Aðrar tölur eru mjög svipaðar. Við erum að tala um í heild innan við 30 nemendur af tæplega 700,“ segir Elísabet.

Guðríður Eldey Arnardóttir, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi, kannast ekki við marktæka aukningu á brottfalli frá því faraldurinn hófst. „En eigum eftir að taka þetta saman upp á punkt og prik og þá hvort það tengist tilteknum nemendahópum.“

> Mjög lítið var um að nemendur hættu vegna veikinda, í raun færri nemendur en árin á undan.
>
> Elísabet Siemsen, rektor MR.

Verzlunarskóli Íslands, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Menntaskólinn á Egilsstöðum hafa allir svipaða sögu að segja.

„Brottfall úr Verzlunarskólanum er að öllu jöfnu mjög lítið og við höfum ekki séð mun á því núna, segir Guðrún Inga Sívertsen, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands.

Steinn Jóhannsson, rektor MH, segir brottfallið hafa sennilega minnkað ef eitthvað er. „Þessa dagana er frábær mæting í skólann og nemendur ánægðir að vera komnir aftur í skólann og í fullt staðnám.“

Árni Ólason, skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum, segir Austurland lítið snortið af Covid hingað til og að engin smit hafi komið upp í skólanum. „Nemendur hafa skilað sér vel í skólann í haust,“ segir Árni. ■

## Fresta aðgerðum og létta undir með Landspítalanum

arib@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Fresta þarf um sjö skurðaðgerðum á dag í Orkuhúsinu á meðan starfsfólk fer til vinnu á Landspítalanum. Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Læknastöðvarinnar í Orkuhúsinu, segir að þaðan hafi farið tveir hjúkrunarfræðingar og einn svæfingalæknir yfir á Landspítalann. Munu þau starfa þar í tvær vikur hið minnsta.



Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Læknastöðvarinnar.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagði í síðustu viku að starfsfólki einkaaðila í heilbrigðisþjónustu væri ætlað að manna vaktir á gjörgæslu og létta álagi á starfsfólki spítalans. Landspítalinn er nú á hættustigi, en nú eru sex á gjörgæslu vegna Covid-19.

Dagný segir að biðlistar muni eitthvað lengjast á meðan starfsfólkið er á Landspítalanum. „Við erum að færa til sjúklinga sem áttu aðgerðir yfir á aðra tíma,“ segir hún. „Núna er sumarfrí að ljúka og þá erum við að gera aðgerðirnar sem liggur hvað mest á. Þetta er allt gert með góðum fyrirvara þannig að raskið verði hvað minnst fyrir þá. En við erum að gera okkar til að hjálpa til, það verða allir að hjálpast að. Þetta sýnir bara hvernig við getum unnið saman.“ ■

# Skólakerfið vandinn en ekki barnið

Tólf ára gamalt barn Stellu Thors er á einhverfurófi og líður illa í skólanum. Stella telur þörf á að endurskipuleggja kerfið og þá þjónustu sem þarf að veita.

lovisa@frettabladid.is



Stella segir að það sé enginn skóli án aðgreiningar ef innviðirnir eru ekki í lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SAMFÉLAG** Stella Thors er eitt fjögurra foreldra sem í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands hótuðu í síðustu viku að fara í mál við ríki og bæjarfélag. Foreldrarnir telja að verið sé að brjóta á réttindum barns síns. Þau hafa engin viðbrögð fengið.

Barn Stellu er 12 ára gamalt og segir henni reglulega að því finnist það ömurlegt og að það skilji það enginn.

Stella segir að allt frá því að barnið sótti leikskóla hafi verið ljóst að ekki væri allt með felldu og strax um fjögurra ára aldur hófst greiningarferill þess.

Barnið fékk forgreiningu í 4. bekk en var strax í byrjun skólagöngunnar farið að sýna óæskilega hegðun.

Að sögn Stellu lögðu bæði skólinn og leikskólinn alltaf mikla áherslu á slæma hegðun barnsins í stað þess að taka það til greina að barnið sýndi aðeins þessa hegðun því það var bæði óöruggt og hrætt.

„Barnið mitt er á einhverfurófi, með ADHD og Tourette. Hegðunin er ekki vandamál, heldur er hún afleiðing af því að barninu líður illa í skólaumhverfinu sem það er í. Barnið situr allan daginn með verkefni sem það kemur sér ekki í að klára,“ segir Stella.

Barninu var að sögn farið að leiðast og það sá engan tilgang með því að mæta í skólann.

„Barnið sagði ítrekað við mig að það skildi það enginn uppi í skóla og að það væri erfitt í skólanum,“ segir Stella og að barnið hennar sé með í dag verulega laskað sjálfsálit og sjálfstraust.

> Barnið situr allan daginn með verkefni sem það kemur sér ekki í að klára.



Stella Thors.

Stella segir að þau hafi reynt ýmsar leiðir til að reyna að bæta hegðun en að áherslan í þeim flestum hafi verið að slökkva elda í stað þess að vinna með greiningu barnsins og veita því einstaklingsmiðaða þjónustu út frá henni.

Stella segir að undanfarið hafi hún fylgst vel með Ölmu Björk Ástþórsdóttur, sem hóf söfnun sagna í Facebook-hópnum Sagan okkar, hún hafi fljótt séð að fjölmargir foreldrar eigi í sömu baráttu og hún.

Stella telur fulla þörf á því að endurskoða skólakerfið og þá þjónustu sem þarf að veita til að uppfylla viðmið Skóla án aðgreiningar.

„Við höfum alltaf verið heppin með yndislega kennara sem hafa verið tilbúnir að prófa nýjar aðferðir varðandi kennslu. Markmið okkar er því ekki að ráðast á skólann heldur viljum við benda á að það er óraunhæft að setja alla ábyrgðina á kennarana, að þeir eigi að geta boðið upp á einstaklingsmiðað nám, en til þess þarf skólinn að ráða inn sérfræðinga sem geta stutt við bakið á nemendunum og kennurunum,“ segir Stella. ■

Nánar á frettabladid.is



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
Jeep 4xe

NÓI SÍRÍUS




# TRYGGÐU ÞÉR NÝJU SÍRÍUS KÖNNUNA

*Kauptu tvo pakka af Síríus suðusúkkulaði*
*og fáðu nýju Nóa Síríus könnuna í kaupbæti.*

# Skemmtiferðaskip fær ekki sérmeðferð í Húsavíkurhöfn

gar@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Húsavíkurhöfn mun ekki verða við ósk leiðangursstjóra skemmtiferðaskips um öruggt leguppláss við Þvergarð.

Leiðangursstjórinn Hermann Helguson lýsir í bréfi til Norðurþings vonbrigðum með að Ocean Diamond hafi verið úthlutað plássi á Norðurbakka í stað Þvergarðs í tvö skipti af fjórum við komu til Húsavíkur. Fiskibátur hafi þurft að nota höfnina og vandamálið sé að hún sé ekki nægilega djúp.

Hermann vill vita hvenær framkvæmdir hefjast og hvort Ocean Diamond geti lagst að Þvergarði í hvert skipti er það kemur næsta sumar.

„Við þurfum að meta stöðuna fyrir næsta ár út frá ykkar svörum við þessum spurningum,“ undirstrikar Hermann. Mun dýrara sé að leggja að í Húsavíkurhöfn en sambærilegum höfnum og flytja þurfi farþega í bæinn þegar lagt sé að Norðurbakka.

„Við höfum sýnt nú þegar að okkur er alvara að vera lengur á Húsavík og eiga í frekari viðskiptum við fyrirtæki í bænum. Ég veit ekki um neitt annað skip í álíka rekstri sem er nálægt því að vera jafn lengi og við á Húsavík, eða 30 klukkustundir,“ bendir Hermann á.



Skemtiferðaskipið Ocean Diamond við Þvergarð í Húsavíkurhöfn í sumar. MYND/ÞÓRIR ÖRN GUNNARSSON

Þórir Örn Gunnarsson hafnarstjóri segir ekki unnt að verða við óskinni. Mikil umferð sé um höfnina og púsla þurfi málunum saman frá degi til dags.

Þórir hrósar útgerð Ocean Diamond fyrir að eiga í miklum viðskiptum við íslensk fyrirtæki. „Hérna hafa þau fengið skemmtikrafta frá Húsavík, fengu stelpnakórinn sem söng Húsavíkurlagið til að syngja fyrir sig,“ segir Þórir. Sagt var frá heimsókn kórsins í helgarblaði Fréttablaðsins.

„Við skiljum þetta mæta vel og það er gríðarlega mikilvægt að fá skemmtiferðaskipið í höfnina fyrir sveitarfélagið og fyrirtækin sem þjónusta þau. Við reynum að gera okkar besta en eins og hafnaraðstaðan er í dag er þetta svolítið erfitt fyrir okkur,“ segir Þórir.

Að sögn Þóris er dýpkunin við Þvergarð á áætlun á næsta ári ásamt endurbyggingu og lengingu hans. ■

## Þjónusta Rjóðurs verði ekki skert

benediktboas@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Bæjarráð Kópavogs telur nauðsynlegt að starfsemi og þjónusta Rjóðursins haldist óbreytt og þjónusta Landspítalans við langveik börn verði tryggð,“ segir meðal annars í bókun bæjarráðsins í síðustu viku um bréf sem bænum barst frá Landspítala um fyrirhugaða þjónustuskerðingu Rjóðurs.



Linda Kristmundsdóttir sendi bréfið fyrir hönd Landspítala.

Rjóður er hjúkrunar- og endurhæfingardeild fyrir langveik og langveik fötluð börn. Þangað koma börn sem þarfnast mikillar hjúkrunar og umönnunar og er staðsett í Kópavogi.

Í bókuninni segir að spítalinn ætli sér að draga úr þjónustu við þennan viðkvæmasta hóp barna og koma henni og þar með kostnaðinum yfir á sveitarfélögin. „Bæjarráð Kópavogs telur nauðsynlegt að starfsemi og þjónusta Rjóðursins haldist óbreytt og þjónusta Landspítalans við langveik börn verði tryggð.“

Bærinn hvetur til viðræðna við heilbrigðisráðherra og að áframhaldandi gott og mikilvægt starf Rjóðursins verði tryggt. ■

## Bresk stjórnvöld vilja framlengja björgunaraðgerðir

thorvardur@frettabladid.is

**AFGANISTAN** Í dag funda G7-ríkin um ástandið í Afganistan. Breski forsætisráðherrann Boris Johnson fór fram á fundinn en stjórn hans þrýstir nú á Bandaríkjamenn um að framlengja björgunaraðgerðir þar. Joe Biden Bandaríkjaforseti sagði á sunnudag að til skoðunar væri að herlið yrði í landinu lengur en til 31. ágúst. Talsmaður talíbana segir að þeir samþykki ekki framlengingu á dvöl erlends herliðs og því gætu fylgt afleiðingar. Hverjar þær yrðu gaf hann ekki upp.

Bretar, ásamt Frökkum, vinna nú að ályktun í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um Afganistan og vonast er til að hún hljóti stuðning Rússa og Kínverja. Ályktunin mun meðal annars fjalla um aðgerðir gegn hryðjuverkum, mannúðaraðstoð og á hvaða forsendum heimsbyggðin muni eiga samskipti við nýja stjórn talíbana í landinu. ■

# Verður aldrei hægt að bjarga öllum

**Árni Arnþórsson og samstarfsmenn hans við alþjóðaháskólann í Kabúl hjálpuðu 31 afgönskum nemanda og skólastarfsmanni að flýja frá nýrri stjórn talíbana í Afganistan um helgina. Árni vonast til að koma fjölda fólks úr landinu áður en Bandaríkjaher hörfar endanlega frá landinu í lok mánaðarins.**



Nemendur bandaríska háskólans í Kabúl í algebruprófi árið 2017. Líklegt er að réttur stúlkna til náms verði verulega skertur við valdatöku talíbana í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

thorgrimur@frettabladid.is

**AFGANISTAN** „Við erum rétt að byrja,“ segir Árni Arnþórsson, aðstoðarrektor Bandaríska háskólans í Kabúl (American University Kabul), sem hefur að undanförnu staðið í ströngu við að forða nemendum og starfsfólki skólans frá Afganistan eftir að talíbanar komust til valda í landinu á ný í mánuðinum.

„Við komum 31 út úr landinu á sunnudaginn,“ segir Árni. „Þetta hefur verið mikil samvinna milli hóps sem hefur útvegað okkur leiguflugvél, ríkisstjórnar Katar og starfsfólks Bandaríska háskólans í Súleimaní. Allir þessir hópar unnu að því að forða fólkinu og það tókst þótt það tæki um 27 tíma að koma þeim úr landi og annan sólarhring að koma þeim til endastöðvar í Súleimaní, á kúrdíska svæðinu í Írak. Þau eru úr hættu.“

Árni segist vonast til þess að ná öllum starfsmönnum og nemendum sem vilja burt frá Afganistan fyrir 31. ágúst, þegar áætlað er að síðustu bandarísku hermennirnir hverfi frá Kabúl. Hann geri sér þó grein fyrir að það sé ólíklegt að allir bjargist og að því neyðist hann ásamt samstarfsmönnum sínum til að forgangsraða þeim sem eru í mestri hættu á að verða fyrir ofbeldi.

„Nánast það versta í þessu er að vera að leika einhvers konar guð hér og vera að velja fólk. En einhver verður að gera það. Maður getur aldrei bjargað öllum, það er bara þannig.“

> **Nánast það versta í þessu er að vera að leika einhvers konar guð hér og vera að velja fólk.**



Árni Arnþórsson, aðstoðarrektor Bandaríska háskólans í Kabúl.

Að sögn Árna eru það helst hærra settir starfsmenn, prófessorar og fólk sem hefur verið áberandi í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum sem á það á hættu að talíbanar meini þeim útgöngu úr landinu. Árni og samstarfsmenn hans fengu úthlutað 34 sætum í síðustu flugvél og tókst að fylla öll nema þrjú. „Við vitum af einni manneskju sem komst ekki inn á svæðið sem liggur inn á flugvöllinn og við vitum af tveimur stúlkum sem hættu við á síðustu stundu vegna pressu frá fjölskyldum þeirra.

Ég var að heyra í einni stúlku úr hópnum rétt áðan,“ segir Árni. „Þau eru auðvitað í losti út af því sem hefur gerst en þeim er líka gífurlega létt að vera sloppin. Það er öðruvísi hljóð í þeim nú þegar líf þeirra er ekki lengur í hættu. En ég hugsa að mörg þeirra hafi grátið í koddann sinn þegar þau voru lögst til hvílu í gærkvöldi yfir þessu öllu saman. Hræðslan um að þetta gæti gerst hefur alltaf verið til staðar en enginn bjóst við því að þetta myndi gerast svona fljótt. Stúlkurnar vissu alveg hvað myndi gerast ef talíbanar næðu völdum. Þetta er þeirra versta martröð sem er að verða að veruleika.“

Árna telst svo til að nemendurnir sem koma verði burt frá Afganistan séu um 900 til 1.000 en starfsmennirnir um 1.000. „Við erum með svona fjórar til sex mögulegar flugvélar í þessari viku og næstu,“ segir hann. „Það er afskaplega flókið að fá leyfi hjá talíbönum og öllum þessum stjórnum, að fá vélarnar greiddar og tryggingar sem fylgja því. Við þurfum að láta margt gerast á næstu átta dögum.“ ■

# Hvítrússar sagðir ýta undir flóttamannastraum

thorvardur@frettabladid.is

**HVÍTA-RÚSSLAND** Pólsk stjórnvöld hyggjast reisa landamæragirðingu við landamærin að Hvíta-Rússlandi sökum sívaxandi fjölda fólks sem freistar þess að komast yfir þau. Pólverjar saka Hvítrússa um að standa að baki fjölguninni og það sé gert í pólitískum tilgangi, til að svara refsiaðgerðum Evrópusambandsins gegn stjórn einræðisherrans Alexanders Lúkasjenkós.

Girðingin verður samkvæmt pólska varnarmálaráðherranum Mariusz Blaszczak tveir og hálfur metri á hæð en landamærin eru um 400 kílómetrar að lengd. Stjórnvöld hafa nú þegar sent um 900 hermenn að landamærunum til að aðstoða landamæraverði og segir ráðherrann að fleiri verði sendir. Tæplega tvö þúsund manns hafa reynt að komast til Póllands frá Hvíta-Rússlandi það sem af er mánuðinum en í fyrra voru það 122. Stærstur hluti fólksins er sendur aftur til baka en aðrir fluttir til móttökustöðva í Póllandi. Svipað er upp á teningnum á landamærum Lettlands og Litáen að Hvíta-Rússlandi, sífellt fleiri koma þangað frá Hvíta-Rússlandi. Litáar eru nú að reisa girðingu á landamærunum sem á að vera tilbúin eftir um ár.



Pólskir hermenn á landamærunum að Hvíta-Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Evrópusambandið segir um hefndaraðgerðir að ræða af hálfu hvítrússneskra stjórnvalda. Refsiaðgerðunum var komið á eftir að blaðamaðurinn og stjórnarandstæðingurinn Roman Protasevítsj var handtekinn í Minsk eftir að flugvél með hann innanborðs var gert að lenda þar. Lúkasjenkó hefur áður sagt að yfirvöld muni ekki hafa afskipti af þeim sem reyna að komast yfir landamæri til nágrannaríkja. Hann sakaði í gær Pólverja um að reyna að koma af stað átökum á landamærunum.

Forsætisráðherrar Póllands, Eistlands, Lettlands og Litáen fóru þess á leit við Sameinuðu þjóðirnar í gær að miðla málum í deilunum við Hvíta-Rússland. Þeir segja að verið sé að „misnota flóttafólk“ og að ræða þurfi ástandið í öryggisráðinu. ■

# ÚTSALA

## 20-70% AFSLÁTTUR



**Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni www.vogue.is**

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

**Útsölunni lýkur laugardaginn 28. ágúst**

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Tilboð gilda meðan birgðir endast

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Óp aldraðra



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Sú háværa og frjálslynda kynslóð sem kennd hefur verið við ártalið '68 er komin á áttræðisaldurinn – og er aftur komin í uppreisnarham; það gleymdist nefnilega að gera ráð fyrir öldrun hennar og efri árum.

Þetta er sami hópur og mótaði samfélagið á síðustu áratugum tuttugustu aldar, opnaði það og frelsaði á flestum sviðum mannlífsins, en fram að því hafði það einkennst af afturhaldssamri einsleitni og karllægum klíkuskap.

Fáar ef nokkrar kynslóðir, fyrr og síðar, hafa vakið samfélagið upp með jafn miklum andfælum og þetta síðhærða og fríska fólk í útvíðu buxum sinnar tíðar.

Og nú er það orðið gráhært. En margt hvert raunar svo ungt í anda – og virkir þátttakendur í samfélaginu – að það sættir sig ekki við að setjast í helgan stein.

Breytingin er nefnilega þessi: Gamla fólkið á nýrri öld er ekki endilega svo gamalt. Það er yngra en áður þekktist. Það þarf á annarri þjónustu og öðruvísi húsnæði að halda en áður þótti duga.

Og þess vegna heyrast núna ramakveinin þegar allt þetta fólk, sem hélt að það hefði breytt öllu samfélaginu til hins betra, áttar sig á því að það sjálft gerði aldrei ráð fyrir því að þiggja þjónustu og aðbúnað á efri árum. Breytingarnar á því sviði máttu alltaf bíða betri tíma.

En tíminn er einmitt kominn. Og hann kemur upp um okkur sem samfélag. Þjóðin hefur elst svo um munar án þess að fjölgun úrræða fyrir elstu hópa þess hafi fylgt þar sama línuriti. Á fyrstu tuttugu árum nýrrar aldar hefur fjölgað um 58 prósent í hópi 70 ára og eldri á meðan landsmönnum öllum hefur fjölgað um 30 prósent. Í hópi 80 ára og eldri er fjölgunin 69 prósent. Og í hópi 90 ára og eldri er fjölgunin 103 prósent. Nærri 12 prósent þjóðarinnar eru nú 67 ára og eldri, eins og fram kemur á forsíðu blaðsins í dag.

Og þessi hópur er ekki lengur einsleitur. Hann er fjölbreyttur. Hann ætlar sér ekki að hlusta á hamonikkutónlist inni á elliheimili þar sem tveir eða fleiri eru saman um herbergi. Hann vill Bítlana í botn í búseturúrræðum af margvíslegu tagi. Og hann vill kannski líka bara fá að vinna áfram án þess að vera margskattaður fyrir það. Af því að hann hefur fullan hug á því að taka áfram þátt í samfélagi sem hann gat bæði bylt og breytt í gamla daga.■

> Breytingin er nefnilega þessi: Gamla fólkið á nýrri öld er ekki endilega svo gamalt.


## Ertu söngfugl?



**Kvennakórinn Concordia auglýsir eftir áhugasömum kórkonum.**

Fyrsta verkefni kórsins eru léttir og skemmtilegir hádegistónleikar í tónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Fríkirkjunni. Eitt af seinni verkefnum vetrarins er m.a. þátttaka í árlegum jólatónleikum, til styrktar Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem fyrirhugaðir eru í byrjun desember. Einsöngvarar á þeim tónleikum verða Hallveig Rúnarsdóttir, sópran og Hildigunnur Einarsdóttir, mezzosórpan ásamt hljómsveit. Þeir tónleikar fara einnig fram í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Æfingar verða á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.þ.b. eina og hálfa klukkustund.

**Raddprufur verða miðvikudaginn 25. ágúst frá kl. 18.**

Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: korconcordia@gmail.com

korconcordia


## Halldór




## Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

**Sumarið '69**
Landsmenn melta nú framtíðaráætlun sóttvarnalæknis. Samkvæmt minnisblaðinu verða vetnisknúnir flugbílar orðnir algeng sjón árið 2068. Íslendingar munu telja hátt í eina milljón manns og ríkið fer í enn eina herferðina að reyna að gera starf á gjörgæsludeildinni meira aðlaðandi en skrifstofustarf, án þess þó að breyta laununum. Stóra hitamálið verður framtíð Reykjavíkurflugvallar. Næsta sumar, sumarið 2069, verður svo skoðað hvort afnema megi grímuskyldu á drónaknúnum Quidditch-kappleikjum vegna Ultra-Gamma-afbrigðis Covid-59.

**Of langt**
Á meðan við meltum þetta er ýmislegt sem þarf að gera ef við ætlum að lifa með veirunni næstu árin. Áður en það verður of seint þurfum við að skrifa upp lista yfir alla sem við ætluðum að fá okkur kaffi með þegar „Covid er búið“. Svo þurfum við að gíra okkur upp í sjálfsprófin sem munu leysa röðina á Suðurlandsbraut af hólmi. Hægt er að æfa sig með grillpinna fyrir framan spegil. Þeir sem setja pinnann ekki alla leið inn í heila eru ekki á leið á neina tónleika en ef pinninn kemur út um eyrað þá förstu of langt.■

# Verkin tala



Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Það er ekki tilviljun að húsnæði Fossvogsskóla varð ónothæft. Árum saman vanrækti borgin viðhald eigna, en slík vanræksla er einhver dýrasta lántaka sem hægt er að hugsa sér. Allt kjörtímabilið hefur borginni mistekist að tryggja viðunandi húsnæði fyrir skólastarf Fossvogsskóla. Börnin hafa verið send í Laugardalshöll og í Korpuskóla í Grafarvogi og nú hefur Hjálpræðisherinn tekið á móti nemendum þar sem borgin gat ekki útvegað húsnæði í upphafi skólaárs.

Á föstudaginn var sendi borgin könnun á foreldra þar sem þeir eru látnir velja á milli misvondra valkosta. Borgarstjórnarmeirihlutinn treysti sér ekki til þess að taka af skarið. Til að bíta höfuðið af skömminni var könnunin stórgölluð þar sem hver sem er gat tekið þátt, auk þess sem persónuvernd var takmörkuð. Allan þann langa tíma sem húsnæðismál Fossvogsskóla hafa verið í krísu hefur lítið sést til borgarstjórans sem er framkvæmdastjóri Reykjavíkurborgar. Aðrir hafa þurft að svara fyrir málið.

**Hjálpræðisherinn til hjálpar**
Það er táknrænt að það hafi síðan þurft húsnæði Hjálpræðishersins til að bjarga upphafi skólaársins. Eftir stendur alger óvissa um framtíðarlausnina og hvenær skólinn verði í lagi til framtíðar. Það er gott fyrir borgina að eiga Hjálpræðisherinn að. Þess ber að minnast að þegar Hjálpræðishernum var úthlutað lóðinni undir það húsnæði sem nú verður notað í neyð var ekki gefinn neinn afsláttur af gjöldum þrátt fyrir að Hjálpræðisherinn sé trúfélag. Borgin hefur lagt ýmsa steina í götu einkaaðila á kjörtímabilinu. Dagforeldrum hefur markvisst verið fækkað og hefur það aukið álag á fjölskyldur og leikskólana. Búið til biðlista.

Enn er óljóst hvort og hvenær húsnæðismál Fossvogsskóla verða komin í lag. Þó nú sé stefnt að því að endurbætur á húsnæðinu dugi, er óvíst hvort og hvenær það verður. Vandinn er líka víðar eins og húsnæði leikskólans Kvistaborgar. Bráðabirgðabúgí borgarstjóra heldur því áfram.■

> Það er táknrænt að það hafi síðan þurft húsnæði Hjálpræðishersins til að bjarga upphafi skólaársins.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sænsk í anda, nýsjálensk í raun

## Í dag



Árni Helgason

Ég og fjögurra ára sonur minn vorum á dögunum saman í sóttkví í sex daga. Sóttkví með fullfrísku barni er svolítið eins og að fara með faðirvorið í uppeldi afturábak, maður reynir að draga úr allri viðleitni barnsins til útiveru en hvetur í staðinn til skjátíma og inniveru. Þarna mættust tveir menningarheimar; hann útskýrði fyrir mér innanhússpólitíkina í Hvolpasveit og ég fyrir honum dýnamíkina hjá þríeykinu.

Við erum í millibilsástandi í baráttunni við veiruna, erum sænsk í anda en nýsjálensk í raun; ætlum að leyfa veirunni að fara um, hugsa þetta eins og flensu en á sama tíma setjum við fullfrísk börn og fullorðið fólk, jafnvel einkennalaust og margbólusett, í sóttkví því flensan er víst líka svo stórhættuleg að okkur er ekki treystandi fyrir heimaprófum. Þrátt fyrir að langflestir séu einkennalausir og hlutfall alvarlega veikra hafi hríðfallið, þá er Covid-plásturinn enn þá bara hálfrifinn af, hangir á okkur eins og lufsa sem við vitum ekki alveg hvað á að gera við.

**Allt eins og áður**

Þegar við förum í gegnum krísur og erfiðleika er tilhneigingin meðan á þeim stendur að vona að þetta hætti og allt verði eins og áður. Þegar hrunið hófst, haustið 2008, fór maður strax að velta fyrir sér hvort þetta yrði ekki liðið hjá í lok ársins. Í síðasta lagi um vorið. Reyndin var hins vegar auðvitað allt önnur, svona stórir viðburðir búa til nýjan veruleika sem við smám saman venjumst.

Ég held að þetta verði svipað með kórónaveiruna. Hún mun ekki hverfa einn góðan veðurdag og allt verða aftur eins og árið 2019 þegar stærsta áhyggjuefnið var staðan á snakkbirgðum heimilisins fyrir næstu appelsínugulu viðvörun. Hún verður hluti af raunveruleikanum, verður á ferli með nýjum afbrigðum og bylgjum en smám saman munum við venjast því að þetta sé hluti af lífi okkar, hætta að sitja límd við skjáinn til að fá nýjustu smittölurnar og fara í sameiginlegt kvíðakast þegar nýtt minnisblað er í smíðum.

**Tímar hamfara**

Tilfinningin er sú að við búum við stöðugt yfirvofandi hamfarir. Loftslagsmálin voru sett aðeins til hliðar þegar Covid tók yfir og maður vonaðist til að þetta myndi vinna vel saman, umhverfið fengi kærkomið frí og langþráða hvíldarinnlögn frá $CO_2$-spúandi mannkyninu sem var fast heima við. Svo reyndist ekki vera. Samkvæmt nýjustu skýrslu IPCC um loftslagsbreytingar er staðan verri en nokkru sinni fyrr. Það segir kannski ákveðna sögu um baráttuna að þótt heimsbyggðin hafi lagst í híði í eitt og hálft ár sér varla högg á vatni.

**Að smána sig úr vandanum**

Umræðan í framhaldi af svona skýrslu er áhugaverð. Það fer lítið fyrir hugmyndum um hvað venjulegt fólk geti gert en þeim mun meira um skammir og stóryrði. Ótrúlega margir eru orðnir ótrúlega flinkir í að taka svona 4.000 blaðsíðna upplýsingahaf eins og loftslagsskýrslu IPCC og breyta henni í 260 stafa Twitter-svipu. Listin er að setja fram nógu háar og erfiðar kröfur, bíða svo eftir því að einhver spyrji hvort þetta sé nú raunhæft og bæng, það er kominn andstæðingur; einhver sem er ekki tilbúinn að leggja það á sig sem til þarf. Efasemdamaður. Jafnvel þótt langflestir séu tilbúnir að gera hvað þeir geta þá er það ekki nóg, viðleitni dugir ekki og er bara hluti af vandanum.

Auðvitað eru þeir til sem finnst þetta allt saman vera algert kjaftæði. En það er hávær minnihluti sem forherðist yfirleitt, sama hversu oft hlutirnir eru útskýrðir. Langstærstur hluti fólks vill hins vegar leggja sitt af mörkum en þarf líka að sinna lífinu; skutla börnunum í skólann, á æfingu, sinna tómstundum og laumast til Tene af og til. Það er misráðið að gera þann hóp að andstæðingnum.

**Söfnunarbaukarnir**

Á níunda áratugnum var stundum blásið til söfnunarátaks fyrir hungruð börn í Afríku, söfnunarbaukar voru þá frammi í verslunum og sjoppum þar sem viðskiptavinir gátu látið pening af hendi rakna. Þetta var fyrir tíma netsins en hefði verið alveg tilvalið viðfangsefni fyrir samfélagsmiðlana, einhverjir hefðu gengið hart fram, hneykslast á því hve lítið safnaðist, okkur væri greinilega bara alveg skítsama um börnin. Svo hefði örugglega einhverjum þótt svona söfnun vera algert rugl, samsæri jafnvel.

Því má svo velta fyrir sér hver hafði rétt fyrir sér. Sennilega hvorugur. Eflaust hafa peningar úr baukunum hjálpað til en vandinn og áskorunin var á miklu stærri skala og stjórnaðist af allt öðrum kröftum.

Við viljum langflest bæta heiminn en kappið í umræðunni ber stundum forsjána ofurliði. Það er ágætt að hafa bak við eyrað að örlög heimsins standa ekki og falla með plaströrum eða auka hundrað kalli í söfnunarbaukinn, þó að þetta hjálpi vissulega allt saman. ■

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Laus staða



**Háskólinn á Bifröst auglýsir stöðu verkefnastjóra til að vinna að undirbúningi að stofnun Rannsóknarseturs skapandi greina.**

Hinn 10. ágúst síðastliðinn gerðu mennta- og menningarmálaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, forsætisráðuneytið og Háskólinn á Bifröst með sér samning um undirbúning að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina (RSG) við Háskólann á Bifröst í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Samtök skapandi greina. Hér er auglýst eftir verkefnisstjóra til að starfa að og halda utan um undirbúninginn í samstarfi og samráði við verkefnisstjórn.

Ráðningin er tímabundin í 12 mánuði, frá og með 1. október 2021. Starfshlutfall er 70% eða samkvæmt frekara samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Þarfagreining og kortlagning á skapandi greinum á Íslandi
- Kortlagning alþjóðlegs tengslanets um rannsóknir á skapandi greinum
- Umsjón með allri undirbúningsvinnu fyrir formlega stofnun Rannsóknarseturs skapandi greina
- Samskipti við Hagstofu Íslands og aðra hagaðila um hagtölur og gögn
- Gerð kynningarefnis, miðlun og samskipti
- Almennt utanumhald um starfsemi stjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi, svo sem menningarstjórnun, menningarhagfræði eða verkefnisstjórnun.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku og hæfni til að greina gögn og setja þau fram skýran hátt
- Frumkvæði, skipulagshæfni, sjálfstæði og sveigjanleiki
- Þekking og yfirsýn á umhverfi lista og skapandi greina er kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknir um störfin**

Með umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá, afrit af útskriftarskírteinum ásamt kynningarbréfi.

**Nánari upplýsingar:** Anna Hildur Hildibrandsdóttir, fagstjóri skapandi greina (annah@bifrost.is) og Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor (rektor@bifrost.is). Starfsstöðvar Háskólans á Bifröst eru á Bifröst og í Reykjavík.

Háskólinn á Bifröst vinnur samkvæmt jafnréttisáætlun skólans og hvetur alla óháð kyni til að sækja um.

Sjá nánari upplýsingar undir laus störf á **bifrost.is**

**bifrost.is** Umsóknarfrestur er til og með 3. september

## Merkisatburðir

**1944** Sveinn Björnsson, forseti Íslands, og Franklin D. Roosevelt, forseti Bandaríkjanna, ræðast við í Hvíta húsinu í Washington – í opinberri heimsókn Sveins í Bandaríkjunum.

**1968** Norræna húsið í Reykjavík er vígt. Það er teiknað af finnska arkitektinum Alvar Aalto. Norðmaðurinn Ivar Eskeland er ráðinn fyrsti forstöðumaður hússins.



**1990** Armenía lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

**1991** Úkraína lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

**2006** Plútó telst ekki lengur til reikistjarna sólkerfisins, samkvæmt samþykkt á þingi Alþjóðasambands stjarnfræðinga.



**2008** Ísland vinnur silfurverðlaun í handbolta á Ólympíuleikunum í Peking 2008.

# Upptökur læddust úr leyni

**Eftir að hafa legið í leyni í 38 ár eru lög Guðmundar Óla Ingimundarsonar við texta Ragnars Inga Aðalsteinssonar komin út á diski sem nefnist Úr Leyni.**

gun@frettabladid.is



Guðmundur Óli er garðyrkjubóndi í Leyni í Bláskógabyggð og á þar ýmsa leynistaði. MYND/AÐSEND

„Ég ætlaði alltaf að gera þetta á morgun – og loksins rann sá morgunn upp. Það var víst kominn tími til!“ segir Guðmundur Óli garðyrkjubóndi glaðlega um útgáfu hljómdisks með 38 ára gömlum upptökum. Hann er tónlistarmaður og garðyrkjubóndi í Leyni í Bláskógabyggð og lögin eru eftir hann sjálfan en textarnir eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson, skáld og fræðimann.

Spurður hvort hann hafi byrjað ungur að semja tónlist svarar Guðmundur Óli: „Já, mamma átti gítar og spilaði á hann og ég fékk alveg dellu fyrir honum þegar ég var svona ellefu ára. Þá voru Bítlarnir upp á sitt besta og kveiktu í mér – ég sá ekkert annað og tónlistin varð upp frá því mikið áhugamál sem tók á sig ýmsar myndir.“

### Fínir músíkantar

Óttar Felix í Zonet-útgáfunni gefur plötuna út og dreifir henni, auk þess sem hún er aðgengileg á Spotify, að sögn Guðmundar Óla. „Þetta eru níu lög og flytjendur með mér eru fínir músíkantar, Pálmi Gunnarsson, Jón Kjeld Seljeseth, Ólafur Labbi Þórarinsson og bróðir hans, Björn Þórarinsson, Gunnar Jónsson, Smári Kristjánsson og Þorsteinn Magnússon, að ógleymdum Gísla Helgasyni, flautuleikara úr Eyjum. Svo var þetta allt tekið upp hjá Labba í Glóru. Ég er dálítið yngri en Labbi og ætlaði aldrei að manna mig upp í að hringja í hann. „Já, komdu bara með gítarinn og við skulum sjá hvað við getum gert,“ sagði hann. Svo var þetta alveg þrælgaman.“

Guðmundur Óli segir upptökuna hafa verið gerða í bútum og setta saman. „Við vorum ekki teknir upp sem hljómsveit. Gísli Helga spilaði til dæmis flautuna inn á seinna. En svo fór ég í hljómsveit eftir þetta, hún hét Leynibandið og var dálítið vinsæl á Suðurlandi. Ég var reyndar oft í hljómsveitum en aldrei frægum, spilaði samt úti um allt, enda voru alls staðar böll í gamla daga!“ Leynibandið hefur sem sagt ekki bara spilað í leyni, segi ég og þykist sniðug. „Nei, en það miðast allt við Leyni þar sem ég fæddist og bý enn í dag!“

> Svo var þetta allt tekið upp hjá Labba í Glóru. Ég er dálítið yngri en Labbi og ætlaði aldrei að manna mig upp í að hringja í hann.




Plötuumslagið sýnir tónskáldið og textahöfundinn að hefja sig til flugs.

### Smíði, söngur og sjómennska

Aðspurður kveðst Guðmundur Óli hafa kynnst textahöfundinum Ragnari Inga á Laugarvatni. „Þá vorum við þar í byggingarvinnu og brölluðum ýmislegt, sungum saman á þorrablótum, þá texta eftir hann, hann er svo mikið skáld. Svo fórum við saman á sjó frá Eyrarbakka en myndin af okkur á plötunni var bara tekin núna um daginn og þar erum við að hefja okkur til flugs!“ ■

---



†

Ástkær móðir, systir okkar og frænka,

**María Guðrún Sigurðardóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Hörðalandi 24, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 13. ágúst síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 26. ágúst kl. 15. Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina og verður því boðið til athafnar. Útförinni verður streymt á vefsíðunni mbl.is/andlat. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Sigurður Rúnar Ívarsson** — **Þóra Eyjólfsdóttir**
**Bjarnheiður Jóna Ívarsdóttir** — **Guðjón Guðmundsson**
**María Björk Ívarsdóttir** — **Hákon Hákonarson**
**Svandís Guðrún Ívarsdóttir** — **Jakob Þórarinsson**
**Bjarni Hrafn Ívarsson** — **Elsa Björk Knútsdóttir**
**og fjölskyldur.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Sverrir Einarsson

Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242


Jón G. Bjarnason útfararstjóri

Guðmundur Baldvinsson útfararstjóri

Magnús Sævar Magnússon útfararstjóri

Sigurður Bjarni Jónsson útfararstjóri
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN




†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs bróður, mágs og frænda okkar,

**Óskars Helga S. Margeirssonar**
áður til heimilis á Brávallagötu 26.

Sérstakar þakkir færum við heimilisfólkinu á Mýrarási 2 fyrir einstaka alúð.

**Guðjón Margeirsson** — **Margrét Jónsdóttir**
**Jóhanna Jónasdóttir og aðrir aðstandendur.**



†

Ástkær faðir okkar, afi, bróðir, mágur og frændi,

**Skúli Helgi Skúlason**

sem lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut 7. ágúst, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 25. ágúst kl. 15.00.

**Ragnar, Karlotta og Aðalsteinn Skúlabörn, afabörn, systkini hins látna og fjölskyldur þeirra.**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigtryggur Sveinn Bragason**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk 18. ágúst síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju 26. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin, sími 533 1088, alzheimer@alzheimer.is.

**Elísabet Jóhannsdóttir**
**Ragnheiður Valgerður Sigtryggsdóttir** — **Ágúst Loftsson**
**Ingibjörg Sigtryggsdóttir** — **Niclas Jessen**
**Vilhjálmur, Kjartan, Loftur, Nói, Leó, Rúrik og Dagbjört**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Magnúsína Guðmundsdóttir**

lést á Grund 12. ágúst sl. Útför verður frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13. Blóm afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarsamtök. Athöfninni verður streymt: https://hljodx.is/index.php/streymi

**Guðmundur Ólafsson** — **Lára Erlingsdóttir**
**Sjöfn Ólafsdóttir** — **Erlingur Hjaltason**
**Guðrún Ólafsdóttir** — **Magnús Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ




**ÞRIÐJUDAGUR** 24. ágúst 2021



Hér tekur Frank á móti 47 kílóa fallbyssukúlu með maganum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Maðurinn með járnmagann

oddurfreyr@frettabladid.is

Frank Richards sló í gegn í Bandaríkjunum á fyrri hluta 20. aldar vegna hæfni sinnar til að þola högg í magann, en hann varð frægastur fyrir að láta skjóta sig í magann með fallbyssukúlu.

Richard fæddist árið 1887 og á unglingsárunum áttaði hann sig á því að hann fyndi lítið til þegar hann fékk högg í kviðinn. Hann fór þá að leyfa vinum sínum að kýla sig í magann og varð fljótlega þekktur fyrir járnmagann.

**Alls konar áhætta**

Hann fór svo að ferðast um Bandaríkin með sirkus til að sýna hæfni sína. Hann lét berja sig með sleggjum í magann, leyfði fólki að hoppa á maganum á sér og leyfði þungavigtarboxurum að dúndra í kviðinn á sér. Ekkert af þessu virtist trufla hann.

Árið 1932 lét Richards svo skjóta sig í magann með 47 kílóa fallbyssukúlu í fyrsta sinn. Hann virtist lítið kippa sér upp við höggið og stóð strax upp aftur. Þúsundir áhorfenda flykktust á sýningu Richards í kjölfarið, þar sem hann lét skjóta sig í magann með fallbyssu tvisvar á dag. Það var samt svo þreytandi að hann gerði það bara tvisvar á dag. Richards hlaut friðsælan dauðdaga þegar hann var 81 árs gamall. ■






Engin af verkum Ragnheiðar eru nákvæmlega eins. Hún leyfir handverkinu að njóta sín og vill að það sjáist að hlutirnir eru handgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ástríðufull í leirnum

Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir hefur starfað sem leirlistarkona undanfarin 30 ár. Hún segist hafa íhugað að vinna með önnur efni en leirinn togar í hana. Hún gerir oftast nytjahluti en segir söguna bak við hlutinn mikilvægari en notagildið. 2



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

Ragnheiður útskrifaðist úr námi í leirlist árið 1991 í Strassborg í Frakklandi og var með vinnustofu þar fyrstu árin. Hún fór svo til Mílanó á Ítalíu og lærði iðnhönnun. Hún flutti loks heim til Íslands 1999. Árið 2000 var hún komin með vinnustofu hér á landi og hefur unnið við leirlist samhliða öðrum störfum síðan. Ragnheiður býr aðallega til hluti með notagildi í huga eins og bolla, skálar og aðra nytjahluti eins og blómavasa, lampa og fleira fyrir heimilið. Engin af verkum hennar eru nákvæmlega eins. Hún leyfir handverkinu að njóta sín og vill að það sjáist að hlutirnir eru handgerðir.

„Ég segi oft þegar maður er að vinna að verkum sem eru gerð með notagildi í huga, þá er sagan á bak við verkið oft mikilvægari en notagildið. Það er hægt að nota flestalla hluti sem ég geri, en ég segi stundum: Ef hluturinn er bara til þess að njóta hans og horfa á hann, er það ekki nytjahlutur líka?“ segir Ragnheiður og hlær.

„Hver hlutur sem ég geri er einstakur. Eins og þegar ég geri bolla sem ég steypi í gifsform þá er það í vinnsluferlinu sem hver og einn verður ólíkur.“

Ragnheiður segir verk sín vísa í senn til hversdagslegra hluta og náttúrulegra forma eins og fyrirbæra úr frumformum jarðarinnar og þjóðtrúar. Þau séu eftirmyndir með nýtt hlutverk í samtíðinni.

### Leirinn togaði í hana

„Þegar ég kom frá Ítalíu eftir nám í iðnhönnun hafði ég hugsað mér að vinna meira sem hönnuður en ekki endilega að búa hlutina til sjálf. Þá var ég alveg búin að hugsa um að nota önnur efni en leir. En leirinn togaði svo í mig. Þegar ég vann með leir þá var ég hamingjusöm. Ég held ég sé bara svona ástríðufull í leirnum,“ segir hún.

„Leirinn er lifandi efni. Að vinna með hann er nokkurs konar samtal, ég get gert allt sem ég vil. Ég get framkvæmt allar mínar hugmyndir. Ég vinn með mismunandi tækni, ég bæði renni og steypi í mót og sameina þessa tvo þætti en ég hef alltaf litið á tæknina sjálfa sem verkfæri. Ég ræð bara svo vel við leirinn. Hann hentar mér vel og við tölum vel saman, En leirinn er á sama tíma harður húsbóndi. Maður byrjar ekki á einhverju verki og leggur það svo frá sér og byrjar aftur eftir hálfan mánuð. Það verður að klára verkið þangað til það fer í þurrk. Hlutirnir þurfa að klárast innan ákveðins tíma.“

Ragnheiður útskýrir að vinna við ólíkar tegundir leirs geti verið mjög mismunandi, en hún vinnur með postulín og steinleir í mismunandi litum og grófleika.

„Þetta er misfrekur leir. Ég kalla alltaf postulínið, sem er fínasti leirinn, hefðardömuna. Hún er mjög frek á mann, hefur gott minni og ef maður klúðrar einhverju þá lætur hún mann vita í síðustu brennslunni,“ segir hún.

„Að vinna með grófari leirinn er meira eins og verkamannaiðn. Maður getur unnið grófara með hann. En það þarf að þekkja efnin vel. Það er ólíkt að vinna með ólíkar tegundir leirs og það er það sem er svo spennandi.“

### Fólk vill síður fjöldaframleiðslu

Ragnheiður flutti vinnustofu sína nýlega á Njálsgötu 58a og þar er opið fyrir gesti og gangandi þegar hún er að vinna.

„Ég flutti í byrjun sumars og er að koma mér fyrir. En þetta er í fyrsta sinn sem ég er ein með vinnustofu. Ég er með litla búð þar sem er alltaf opin þegar ég er á vinnustofunni. Ég reyni að vera þar alltaf seinnipartinn og eða á laugardögum. En það er ekki alveg fastmótað. Ef ég er ekki með opið getur fólk haft samband við mig gegnum Instagram eða Facebook, eða bara hringt,“ segir hún.

Ragnheiður segist fá margt ungt fólk til sín á vinnustofuna núna sem er umhverfismeðvitað og vill til dæmis ekki drekka úr plastbollum.

„Fólk kemur kannski og kaupir einn bolla eða einn disk og kemur svo aftur og kaupir annan. Fólk er farið að hugsa meira um að kaupa ekki fjöldaframleitt keramik og vill kaupa eitthvað sem endist lengur,“ útskýrir hún.

Ragnheiður kennir í Listaháskólanum námskeið fyrir fyrsta árs nema í vöruhönnun og iðnhönnun. Hún segir vöruhönnun og iðnhönnun hafa breyst mikið frá því hún var að læra.

„Þegar ég var í MA-náminu vorum við að pæla í öppum. Sem er eitthvað sem allir þekkja í dag. En okkur fannst alveg frábær tilhugsun að vera að labba niður einhverja götu og kveikja á einhverju appi í síma sem segði okkur hvaða veitingahús væri í næsta nágrenni. Þetta var árið 1998, löngu áður en snjallsímar komu á markað og þetta var ekkert til þá,“ segir hún hlæjandi.

„En krakkarnir uppi í Listaháskóla í dag eru mikið að pæla í efnum og umhverfi og umhverfismeðvitund. Þetta breytist með tímanum. Margir halda að maður sé bara að hanna einhverja hluti, en sumir fara í að hanna mat. Þetta er mjög fjölbreytt.“

### Stórafmæli Leirlistafélagsins

Ragnheiður segir mikla grósku í leirlist á Íslandi þrátt fyrir að Listaháskólinn sé hættur að kenna leirlist. Leirlistafélag Íslands hefur rúmlega 60 meðlimi og félagið fagnar 40 ára afmæli í ár. Ragnheiður er í afmælisnefnd félagsins sem hefur skipulagt fjölbreytta afmælisdagskrá.

„Hjá félaginu er núna í gangi farsýning sem heitir Hvítur, næsta sýning er í Vitanum á Akranesi 4. september. Það er síðasti hlutinn af þeirri sýningu. Svo er lokasýning Leirlistafélagsins 16. október. Það er samsýning en við í nefndinni erum að skipuleggja hana,“ segir hún.

„Margir héldu þegar Listaháskólinn hætti að kenna leirlist að við yrðum bara síðustu móhíkanarnir. En svo hefur Myndlistaskólinn í Reykjavík boðið upp á fornám og fólk hefur þá kannski klárað einhvern, svo það er alltaf að koma inn ungt fólk í félagið. Það er frábært því það kemur með aðrar áherslur og hugmyndir sem er bara spennandi. Ég held að leirinn deyi aldrei út.“ ■



Ragnheiður segir verk sín vísa í senn til hversdagslegra hluta og náttúrulegra forma eins og fyrirbæra úr frumformum jarðarinnar og þjóðtrúar. Þau séu eftirmyndir með nýtt hlutverk í samtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ragnheiður flutti vinnustofu sýna nýlega á Njálsgötu 58a og þar er opið fyrir gesti og gangandi þegar hún er að vinna.



Ragnheiður segir vinnu við ólíkar tegundir leirs geta verið mjög mismunandi, en hún vinnur með postulín og steinleir í mismunandi litum og grófleika.



Ragnheiður býr aðallega til hluti með notagildi í huga eins og bolla, skálar og aðra nytjahluti eins og blómavasa, lampa og fleira fyrir heimilið.

**Þetta er misfrekur leir. Ég kalla alltaf postulínið, sem er fínasti leirinn, hefðardömuna.**

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson
**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Hugbúnaður

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 24. ágúst 2021

**Kynningar:** Leikbreytir, Alvican, Wise, dk hugbúnaður, Advania



## Framtíðin er snjöll

Hugbúnaðarfyrirtækið Leikbreytir er tveggja ára gamalt og býður upp á nýstárlegt þjónustusvið. „Sjálfur bý ég yfir tuttugu ára reynslu í fyrirtækjaþjónustu á Íslandi á tæknisviði og stofnaði Leikbreyti árið 2019 eftir ársundirbúning,“ segir Yngvi Tómasson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. 2

Yngvi Tómasson stofnaði Leikbreyti fyrir tveimur árum. Fyrirtækið sérhæfir sig í snjöllum hugbúnaðarlausnum fyrir fyrirtæki sem auka skilvirkni og þjónustu við viðskiptavini. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leikbreytir er hugbúnaðarfyrirtæki sem býður upp á allar gerðir hugbúnaðarlausna fyrir fyrirtæki, allt frá vefhýsingu og vefsíðugerð yfir í snjallmenni og sjálfvirkni sem einfalda fyrirtækjum þjónustu við viðskiptavini. Þá nýta tæplega 100 íslensk fyrirtæki sér þjónustu Leikbreytis.

„Leikbreytir er í raun ekki bara nafn fyrirtækisins heldur aðalgildi okkar,“ segir Yngvi. „Við viljum vera „game-changer“ eða leikbreytir fyrir fyrirtæki og viðskiptavini þeirra. Við einblínum á góða þjónustu og horfum til fyrirtækja í þjónustugeiranum eins og Ritz Carlton og Apple sem og fyrirtækja eins og Nova þegar þeir komu á símamarkaðinn hér heima. Hjá Leikbreyti viljum við veita tækniþjónustu á mannamáli. Við teljum mikilvægt að viðskiptavinurinn skilji hvað hann er að kaupa, en ekki endilega hvað tæknin á bak við heitir. Því er ekki að neita að hugbúnaðargerð og tækniþjónusta hefur einkennst af flóknum tækniorðum og skammstöfunum sem fáir þekkja og því mikilvægt að einfalda það til muna og gera aðgengilegra stjórnendum sem oft eru í kapphlaupi við tímann – það teljum við vera leikbreyti í þessum geira.

Okkar samtal við viðskiptavini snýst aftur á móti um það hvernig við getum náð fram leikbreyti í þjónustu og aukið sölu fyrir þá með hjálp tækni sem er í boði. Við tökum svo skrefið enn lengra og fullklárum verkefnið með heildarlausn sem við þjónustum áfram,“ segir Yngvi.

**Byrjaði fimmtán ára í bransanum**

Yngvi var ekki nema tæplega fimmtán ára þegar hann seldi sína fyrstu vefsíðu og sextán ára var hann ráðinn sem vefstjóri hjá Halló! Frjálsum fjarskiptum. „Ég hef unnið í þessum geira í tæp 25 ár. Lengst af átti ég og rak Davíð og Golíat ásamt viðskiptafélaga, eða í tæp tíu ár. Fyrirtækið sameinaðist síðan Premis 2017. Ég fór í MBA-nám í Háskólanum í Reykjavík um svipað leyti og bauðst starf sem vörustjóri fyrirtækjasviðs Nova. Ég var þar í tæplega tvö ár samhliða MBA-náminu, en það togaði í mig að fara aftur í eigin rekstur. Ákvörðunin var svo einföld eftir lokakúrs sem ég tók í MBA-náminu í frumkvöðlafræðum við Babson í Bandaríkjunum. Þá var eiginlega ekki aftur snúið,“ segir Yngvi. Leikbreytir varð þá til í kjölfarið.

**Aukin sjálfvirkni – bætt samskipti**

Leikbreytir er viðskiptamiðað hugbúnaðarhús sem sérhæfir sig að mestu í þjónustu við íslensk fyrirtæki. „Í þjónustuleiðum okkar leitumst við eftir að fækka endurteknum verkefnum starfsmanna með aukinni sjálfvirkni. Þannig bætum við þjónustu við viðskiptavini fyrirtækjanna sem við þjónustum. Þá bjóðum við upp á lausnir eins og snjallmenni, vefverslanir, þjónustuvefi og ýmsar aðrar sérlausnir. Flest öll fyrirtæki sem kaupa lausnir hjá okkur koma í heildarþjónustusamning hjá okkur, þar sem við önnumst hýsingu á lausnunum og almenna þjónustu. Við höfum sérhæft okkur í vefverslun og þjónustuvefjum almennt, samþættingum þeirra við bókhaldskerfi og önnur kerfi með það að leiðarljósi að auka sjálfvirkni í öllu. Eins leita fyrirtæki til okkar með að taka yfir þjónustu og rekstur vefverslana sem þau vilja koma í góðar hendur og þróa frekar.“

**Leysum vandamálin á snjallan hátt**

„Við höfum nýtt að mestu tækni sem er þegar til og öll okkar nálgun á þau verkefni sem við fáum, er




Yngvi segir að sjálfvirkni og snjallmenni séu framtíðin þegar kemur að þjónustuupplifun á netinu. Þessi atriði einfalda kaup og sölu í vefverslunum, bókhald, rekstur, þjónustu og fleira. MYND/AÐSEND

> **Við vinnum í raun bak við tjöldin og höfum gert fjölda vefverslana og þjónustuvefja sem margir hafa eflaust notað eða verslað við ... Það að auka sjálfvirkni í svörun eins og við erum að sérhæfa okkur í, er tvímælalaust framtíðin í þjónustuupplifun.**
>
> Yngvi Tómasson.

ekki sú að finna upp hjólið heldur nýta lausnir sem eru til og aðlaga þörfum viðskiptavina okkar. Ávinningurinn er sá að almennt verður reikningagerð og bókhald allt sjálfvirkt sem fækkar mistökum og vinnu síðar. Eins verður lagerstaða réttari í vefverslunum og þeim þjónustuvefjum sem við höfum gert og með því að nýta rafrænar undirskriftir hefur okkur tekist að gera flókin umsóknarferli nánast alveg sjálfvirk.

Nálgun okkar á fyrirtækjaþjónustu á þessu sviði er almennt einstök og áður óþekkt þegar kemur að fyrirtæki sem vinnur við hugbúnaðarþróun og þjónustu. Við eigum mjög sjaldan óþarfa samtöl við viðskiptavini okkar um flókin tækniatriði og nálgumst öll verkefni út frá því að bæta þjónustu og auka sölu. Við erum alltaf að leysa vandamál sem snúa að því að bæta þjónustu og auka sölu viðskiptavina okkar sem treysta okkur til að finna bestu tæknina sem hentar í verkefnið.“

**Framtíðin í þjónustuupplifun**

Leikbreytir á heiðurinn af virkni fjölda vefverslana og þjónustuvefja hjá óramörgum fyrirtækjum og stofnunum og höfum við líklega flest nýtt okkur veflausnir Leikbreytis á einhverjum tímapunkti. „Við vinnum í raun bak við tjöldin og höfum gert fjölda vefverslana og þjónustuvefja sem margir hafa eflaust notað eða verslað við. Eins sjáum við um fjölmörg snjallmenni sem fólk hefur mögulega átt samtal við. Netspjall er orðin ein aðalsamskiptarás minni fyrirtækja og viðskiptavina. Það að auka sjálfvirkni í svörun eins og við erum að sérhæfa okkur í er tvímælalaust framtíðin í þjónustuupplifun.

Snjallmennin hafa verið vinsæl hjá fyrirtækjum þar sem þau svara síendurteknum fyrirspurnum um hluti eins og skilamál og opnunartíma netverslana. En það sem hefur helst glatt viðskiptavini okkar er hvernig má nýta þau til að auka söluna. Þau greina hvað viðskiptavini vantar og vinna þannig forvinnuna fyrir sölumenn, sem koma svo og klára söluna. Þetta er sérlega hentugt því snjallmennin eru auðvitað alltaf í vinnunni.

Ég held að hér heima hafi netverslun verið mest áberandi síðustu ár, sérstaklega í kjölfar Covid. Eins hafa verið tekin stór skref í öllu sem snýr að samskiptum við opinberar stofnanir og hafa rafrænar undirskriftir og auðkenningar spilað þar stórt hlutverk. Þá er áberandi að viðskiptavinir fyrirtækja og stofnanir kjósa frekar að eiga samtal í gegnum netspjall til að fá þjónustu, heldur en að hringja inn. Það er líka hjálplegt fyrir báða aðila að eiga samskipti á rituðu formi. Það getur komið í veg fyrir misskilning síðar meir.

Þá er mér ofarlega í minni nýlegt sérverkefni sem við unnum og erum að þróa frekar fyrir S4S. Lausnin felur í sér að allir viðskiptavinir þeirra sem eiga gjafabréf eða inneignarnótur geta fengið þær í Apple Wallet og Smart Wallet í símann sinn og séð hve mikil inneign er eftir. Þetta fyrirkomulag kemur í veg fyrir að strimlar eða gjafakort glatist, eða gleymist heima og er frábær þjónusta við viðskiptavini.“

*Hvert er næsta þróunarskref í þessum bransa?*

„Það eru enn fjölmörg verkefni óleyst í netspjalli og snjallmennum en ég tel að á næstu árum muni öll fyrirtæki og stofnanir bjóða upp á netspjall. Langtímasýn okkar er sú að með hjálp gervigreindar og aukinni sjálfvirkni muni þjónustuver fyrirtækja og opinberra stofnana eins og við þekkjum þau í dag heyra sögunni til. Snjallmenni munu í raun ekki bara getað svarað öllum fyrirspurnum sem koma inn í fyrirtæki heldur einnig geta fyrirbyggt vandamál þannig að fólk þurfi einfaldlega ekki aðstoð.“ ■

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu fyrirtækisins, leikbreytir.is.

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656. | Veffang: frettabladid.is




Öpp og veflausnir dk verða sífellt öflugri. Þær virka á iOS og Android snjalltækjum og voru uppfærðar með nýju útgáfunni.



Hjá dk hugbúnaði starfa um 70 starfsmenn og er fyrirtækið með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# dk 5.0 er í dreifingu

**Á hverju ári bætast við 550 ný fyrirtæki í hinn stóra viðskiptavinahóp dk hugbúnaðar. Íslenska bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er mjög sveigjanlegt og býður upp á sérlausnir fyrir ótal gerðir reksturs.**

Síðasta vor kom út ný útgáfa af kerfinu, en hún hafði verið í þróun síðustu tvö árin. Útgáfan fékk útgáfunúmerið 5.0 og hefur verið í dreifingu til viðskiptavina dk.

„dk bókhaldskerfið er klárlega vinsælasta bókhaldskerfið á markaðinum. Margir viðskiptavinir okkar tala til dæmis ekki um bókhaldskerfi heldur segja einfaldlega dk, en dk stendur fyrir debet og kredit. Það er óhætt að segja að í þessari útgáfu er mikið af flottum og gagnlegum nýjungum,“ segir Dagbjartur Pálsson, sem er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni.

„Útgáfan inniheldur nýtt útlit sem er töluvert frábrugðið því sem hefur verið ráðandi síðustu 20 árin. Allar aðgerðir eru núna mun sýnilegri en áður og útlitið er myndrænna og nútímalegra og notendur geta aðlagað útlit kerfisins að sínum þörfum,“ segir Dagbjartur.

Nýir og betrumbættir hjálpargluggar koma með útgáfunni. Hjálpargluggarnir einfalda vinnslur og leiða notandann áfram glugga fyrir glugga, en þeir flýta til muna og auðvelda alla vinnu í kerfinu,“ segir Dagbjartur.

„Aðrar helstu nýjungar í útgáfunni eru nýtt mælaborð, nýtt starfsmannakerfi, bættur stuðningur við innborganir, sjálfvirkar kröfusendingar, en núna er hægt að velja um að senda kröfu strax inn í heimabanka um leið og reikningur prentast út, ný útgáfa af fjárhagsdagbókinni er komin sem er mun öflugri, sveigjanlegri og einfaldari í notkun. Núna er líka hægt að setja upp fylgiskjalaraðir og mótfærsla fylgiskjals er komin í sömu línu. Það er einnig hægt að sækja bankahreyfingar beint úr fjárhagsdagbókinni,“ segir Dagbjartur.

**Öflugar léttlausnir (Öpp og veflausnir)**

„Öppum og veflausnum dk fjölgar og þær verða sífellt öflugri. Þær virka á iOS og Android snjalltækjum. Með útgáfu 5.0 kemur einnig uppfærsla á léttlausnirnar. Helstu léttlausnirnar eru stjórnborð í snjalltæki, verkskráning og þá erum við að tala um tíma-, aksturs- og kostnaðarskráningu í snjalltæki, gerð sölureikninga í snjalltæki, gerð tilboða í snjalltæki, skráning sölupantana í snjalltæki, iPOS fyrir verslanir og þjónustu í snjalltæki, afgreiðsla veitingahúsa í snjalltæki, stimpilklukka í snjalltæki, móttaka og samþykkt reikninga í snjalltæki,“ segir Dagbjartur.

**Pappírslaust bókhald**

„Kosturinn við að vera hjá dk hugbúnaði er að öll vinna við bókhaldið er mjög fljótleg, sjálfvirk og skemmtileg. Sjálfvirkni í móttöku og sendingu rafrænna reikninga, hvort sem er á PDF- eða XML-formi, einfaldar líf bókarans, dregur úr villuhættu og tryggir rétta meðhöndlun gagna,“ segir Dagbjartur. „Bankakerfið annast sjálfvirka afstemmingu bankareikninga og sýnir raunstöðu bankareikninga á einum stað. Öll vinnsla á sér stað inni í kerfinu og ekki þarf lengur að skrá sig inn í netbanka til að greiða og móttaka reikninga og sækja greiðslur. PDF-reikningar til viðskiptavina og frá birgjum eru sendir og mótteknir og tengdir við færslur þar sem við á. Við bjóðum líka upp á tengingar við allar helstu vefverslanir og sérsniðnar afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu,“ segir Dagbjartur. „Allt er þetta liður í að gera dk viðskiptahugbúnaðinn sem mest pappírslausan og sjálfvirkan.“

**dk í áskrift**

„Á dk.is er val um áskriftarleiðir og verð og hægt er að panta aðgang að bókhaldskerfinu. Það tekur aðeins einn dag að afgreiða leyfi og nýtt bókhald með grunnkerfum dk sem duga fyrir flest fyrirtæki,“ segir Dagbjartur. ■

Hjá fyrirtækinu starfa um 70 starfsmenn og er fyrirtækið með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Nánari upplýsingar má nálgast í síma 510 5800, dk@dk.is eða inn á www.dk.is




Hafsteinn Róbertsson og Jónas Yngvi Ásgrímsson sérfræðingar í sölu- og markaðsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Útgáfan inniheldur ýmsar uppfærslur, meðal annars nýtt útlit sem er töluvert frábrugðið því sem hefur verið ráðandi síðustu 20 árin. MYND/AÐSEND



Dagbjartur Pálsson er framkvæmdastjóri hjá dk hugbúnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Kosturinn við að vera hjá dk hugbúnaði er að öll vinna við bókhaldið er mjög fljótleg, sjálfvirk og skemmtileg.

# Öflugt starfsfólk og hvetjandi umhverfi

Guðrún Hauksdóttir er tölvunarfræðingur sem starfar hjá fjármálafyrirtækinu Goldman Sachs í London.

starri@frettabladid.is

Tölvunarfræðingar takast á við fjölbreytt störf og verkefni og þar er Guðrún Hauksdóttir engin undantekning. Hún starfar hjá fjármálafyrirtækinu Goldman Sachs í London en þar er hún yfirmaður innan deildar rafrænna viðskipta, sem heyrir undir svið gjaldmiðla, hrávöru og lána. „Teymið mitt er ábyrgt fyrir raunumhverfi deildarinnar sem inniheldur rafviðskiptareiknirit, markaðsgögn, bókunarkerfi og fleira. Verkefnin sem ég vinn að eru fjölbreytt, krefjandi og hafa leyft mér að vaxa hratt í starfi en ég hóf störf hér árið 2018. Ég er reyndar í fæðingarorlofi um þessar mundir en sný aftur til starfa í janúar á næsta ári.“

Guðrún lærði tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík en móðir hennar, sem einnig er tölvunarfræðingur, hvatti hana til að skoða námið á sínum tíma. „Það var eitthvað við námið sem heillaði en þegar ég byrjaði vissi ég í raun alls ekki hvað ég var að fara út í. Ég valdi tölvunarfræðina í HR sem bauð upp á praktíska verkefnavinnu og starfsnám erlendis sem mér leist vel á. Í grunnnáminu komst ég inn í starfsnám í Bandaríkjunum og þar vann ég lokaverkefnið mitt í náminu, sem var að hanna og smíða kerfi sem leyfði greiningar og framsetningu gagna um bilanir í geimskutlum fyrir NASA.“



Guðrún Hauksdóttir útskrifaðist með meistaragráðu frá UCL-háskólanum í London. MYND/AÐSEND

### Heillaðist af London

Eftir útskrift hóf hún störf hjá Advania sem hugbúnaðarsérfræðingur í deild sem heitir Samþætting en þar hafði hún unnið á sumrin og einnig meðfram námi. Eftir ár hjá Advania ákvað hún að skella sér til Bretlands í meistaranám. „Þar komst ég inn í meistaranám í Technology Management við UCL-háskólann í London. Eftir að hafa verið ár í London, kynnst borgarlífinu og séð atvinnumöguleikana gat ég alveg hugsað mér að starfa þar. Ég fór í viðtöl hjá nokkrum fyrirtækjum og endaði á að taka vinnu hjá Goldman Sachs.“

Vinnuveitendur hennar höfðu reyndar áður reynt að klófesta hana en án árangurs. „Þegar ég var rúmlega hálfnuð með námið mitt í UCL hafði manneskja á vegum Goldman Sachs samband við mig varðandi starf sem gæti höfðað til mín. Hún hringdi í mig og sagði mér frá starfinu sem hljómaði spennandi. Ég var hins vegar frekar efins við að skella mér í viðtal þar sem ég hafði enga reynslu né menntun í fjármálum og planið var að fara heim að námi loknu þannig ég sagði því pent nei við framhaldi.“

### Spennandi starfstilboð

Tveimur mánuðum síðar var hún þó farin að hugleiða það að vinna í London og hóf að líta í kringum sig eftir spennandi störfum. „Ég ákvað að prófa að fara í nokkur viðtöl sem gengu bara ágætlega. Þetta voru viðtöl fyrir hugbúnaðarstörf í hinum ýmsu geirum þannig að þegar að sama manneskjan frá Goldman Sachs heyrði aftur í mér til að tékka hvort ég væri alveg viss um að ég vildi ekki koma í viðtal, þá hugsaði ég að það sakaði ekki að heyra meira um starfið og fá meiri viðtalsreynslu. Viðtalið gekk svo bara glimrandi vel og ég var alveg heilluð af fólkinu sem ég talaði við ásamt verkefna- og starfslýsingum. Því ákvað ég að slá til.“



Utan vinnunnar hjólar Guðrún ásamt eiginmanni sínum innan London og um sveitir Bretlands. MYND/AÐSEND

### Góður starfsandi

Hún segir andann innan fyrirtækisins mjög góðan og fagmennskuna vera í fyrirrúmi. „Starfsfólkið er öflugt og umhverfið er hvetjandi. Fyrirtækið leggur mikið upp úr því að ráða inn starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn og ólíka menntun. Þessi áhersla er talin efla ákvarðanatöku og leyfir fleiri sjónarhornum að komast á framfæri. Reynslan sem ég hef frá Íslandi var í öðrum geira en ég er í nú og erfitt að bera það saman en ég myndi lýsa umhverfinu sem ég er í núna sem kvikara hvað varðar dagleg verkefni og tækni.“

### Breytt umhverfi

Bankaþjónusta hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og tengjast verkefni Guðrúnar þeim að einhverju leyti. „Teymið mitt er ábyrgt fyrir raunumhverfi sem inniheldur rafviðskiptareiknirit, markaðsgögn, bókunarkerfi fyrir rafræn viðskipti (e. electronic trading) þar sem mikil áhersla er lögð á sjálfvirknivæðingu. Fyrir einhverjum árum hefði viðskiptavinur til dæmis einungis getað hringt í miðlara innan bankans til að fá gengistilboð og gengið frá kaupum eða sölu í gegnum síma. Í dag er reiknun á gengi gerð með sjálfvirkum reikniritum sem taka inn markaðsgögn og annað sem hefur áhrif á gengið ásamt því að leyfa viðskiptavinum að nota hugbúnað til þess að fá gengi og eiga viðskipti.“

### Hjólar um borgina

Utan vinnunnar er lífið í stórborginni notalegt að hennar sögn. „Utan vinnu hjóla ég mikið með eiginmanninum innan London, um sveitir Bretlands eða aðra staði í Evrópu. Þegar ég er svo á Íslandi þá eru það hestarnir sem eiga hug minn allan þar sem ég get varið mörgum tímum á dag uppi í hesthúsi eða í hestaferð með fjölskyldu og vinum.“ ■

# Alvican eykur öryggi eldri borgara

Hugbúnaðurinn frá Alvican skynjar eðlilega hegðun eldri borgara í sjálfstæðri búsetu og lætur vita ef það verða frávik. Þannig er hægt að auka öryggi íbúanna og tryggja þeim sjálfstæði í lengri tíma, sem bæði eykur lífsgæði þeirra og sparar þjóðfélaginu stórar fjárhæðir.

„Alvican var stofnað árið 2015 eftir að höfuðborgir Norðurlandanna héldu samkeppni um lausnir á velferðarsviði til að auka öryggi og lengja sjálfstæða búsetu aldraðra,“ segir Arnar Ægisson, framkvæmdastjóri Alvican. „Halldór Axelsson, stofnandi Alvican, er rafeindafræðingur og uppfinningamaður sem hannaði snjallkerfi sem byggir á gervigreind og vaktar íbúa án sjáanlegs eftirlits sem gæti truflað, en það eina sem íbúar verða varir við er tæknibúnaður á borð við skynjara og samskiptahnappa sem er stýrt með hugbúnaði Alvican.“

Kerfið notar skynjara sem greina eðlilega rútínu íbúa út frá þáttum eins og notkun á vatni og rafmagni og hreyfingum innan íbúðarinnar,“ segir Halldór. „Ef það verða frávik frá hefðbundinni rútínu fær umönnunaraðili skilaboð og þá er hægt að grípa inn í ef þörf krefur, en stundum eru breytingarnar vísbending um nýja sjúkdóma, þörf fyrir endurskoðun á lyfjum eða annað slíkt. Þannig gefst tækifæri til að grípa inn í áður en eitthvað alvarlegt gerist.

Kerfið vann til verðlauna í velferðartæknisamkeppninni HealthTech Nordic árið 2015 og í kjölfarið fengum við svo 50 milljóna króna styrk frá Tækniþróunarsjóði sem var notaður til að klára lausnina,“ segir Arnar. „Við hófum svo sölu á henni í lok árs 2019 og höfum þróað hana áfram, ásamt því að þjónusta kerfið.“



Halldór Axelsson, stofnandi Alvican, og Arnar Ægisson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Betri þjónusta en færra starfsfólk

„Upphaflega var hugbúnaðurinn þróaður fyrir einstaklingsmarkað en hann var síðar aðlagaður þörfum stofnana eins og hjúkrunarheimila eftir að þar vaknaði mikill áhugi á stafrænu eftirliti, sem getur bæði aukið öryggi íbúa og auðveldað hagræðingu. Það varð svo algjör sprenging í Covid þegar það skapaðist mönnunarvandi vegna sóttkvía og veikinda,“ útskýrir Arnar. „Þetta minnkar þörfina fyrir starfsfólk, sérstaklega á næturvakt. Það þarf heldur ekki að sitja við vaktborð og fylgjast með öllum heldur er bara hægt að fá skilaboð um það sem skiptir máli og svo eru 4G-öryggishnappar með talrásum sem auðvelda samskipti og virka bæði innan- og utandyra. Þetta sparar sporin rosalega og gerir það mögulegt að veita betri þjónustu með færra starfsfólki ásamt því að auka öryggi, því í öryggishnappnum er fallvari og GPS-staðsetningartæki þannig að það er hægt að staðsetja notandann með hugbúnaðinum.

Stafrænt eftirlit getur bæði uppfyllt umönnunarþörfina og auðveldað umönnunaraðilum og eldri borgurum lífið, því það þarf minna að fylgjast með íbúunum, til dæmis með tilheyrandi raski á næturnar,“ segir Arnar. „Með því að tengja sérstaka skynjara við hugbúnaðinn er hægt að fylgjast með salernisferðum hjá íbúum og einnig greina ef notandi dettur, en rúmlega 70% slysa hjá eldri borgurum gerast á baðherbergjum.“

### Sparar milljarða á ári

„Kerfið er nú í notkun á nokkrum hjúkrunarheimilum um allt land og 50 íbúar á Sjálfsbjargarheimilinu í Hátúni nota kerfið,“ segir Arnar. „Ef við getum frestað því um eitt ár að þúsund eldri borgarar fari á hjúkrunarheimili með því að lengja sjálfstæða búsetu, auka þjónustu heima fyrir og notast við stafrænt eftirlit sparar það samfélaginu um 13 milljarða á hverju ári.“









Þessi skjáskot sýna notendaviðmótið í kerfi Alvican. MYNDIR/AÐSENDAR

### Engin hætta á leka

„Alvican er aðili að samtökunum HealthTech Nordic og þar er félagið skráð sem eini aðilinn sem starfar í vöktun eldri borgara með velferðartækni og gervigreind. Við erum með forskot á aðra og erum með prófanir í gangi í Svíþjóð, Danmörku og Noregi,“ segir Halldór. „Við erum líka í miklu samstarfi við Falck í Danmörku, sem er öryggisfyrirtæki sem þjónustar einkarekna heilbrigðisþjónustu, meðal annars í heimahjúkrun. Þar er mikill áhugi á að nýta okkar hugbúnað.

Við lítum á okkur sem norrænt velferðarfyrirtæki og á Norðurlöndunum er nýting á þessari tækni komin lengst. Svíþjóð, Danmörk og Noregur hafa til dæmis lagað persónuverndarlöggjöf að þessu, sem hefur skort hér á landi,“ segir Halldór. „Þegar kemur að persónuvernd er engin áhætta sem fylgir þessu kerfi. Það geymir upplýsingar um hvað er eðlileg notkun og sendir eingöngu út upplýsingar um frávik.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

34. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 24. ágúst 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Embla Valberg
Löggiltur fasteignasali.
Skrifstofustjóri.
embla@valholl.is
588 4477



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali.
BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Rakel Árnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047



Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita **að þér?**




**Íbúðin er á fyrstu hæð í vönduðu fjölbýlishúsi og með stórum svölum sem snúa í suðaustur.**

# Vönduð íbúð á Seltjarnarnesi

Fold fasteignasala kynnir stórglæsilega tveggja herbergja íbúð við Hrólfsskálamel 6 á Seltjarnarnesi. Íbúðin er á fyrstu hæð í vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu. Bílastæði í bílageymslu.

Íbúðin skiptist í hol, rúmgott svefnherbergi, eldhús, stofu með útgengi á suðursvalir, baðherbergi og þvottahús inn af því, geymslu og stæði í bílageymslu.

Komið er inn í forstofu með fataskáp. Eldhúsið er með fallegri eikarinnréttingu og góðum tækjum, Miele-helluborði og bakaraofni í vinnuhæð ásamt góðum háfi frá Elica. Stofan er rúmgóð með gólfsíðum gluggum og gengið er út frá henni á stórar suðaustursvalir.

Baðherbergið er flísalagt með fallegri eikarinnréttingu, baðkari með sturtuhaus og handklæðaofni. Þvottaherbergi er inn af baðherberginu. Það er flísalagt með skápum, vask og opnanlegum glugga. Svefnherbergið er mjög rúmgott, með góðum fataskápum.

Gólfefni eru eikarparket og flísar á baðherbergi og þvottahúsi. Gólfhiti er í íbúðinni og loftræstikerfi. Einnig er innbyggð lýsing í öllum rýmum og hátt til lofts.

Íbúðin sjálf er skráð 81,7 fermetrar. Geymslan er skráð 11,6 fermetrar. Stæði sem fylgir í bílageymslu er merkt 04B038. Mikið var lagt í byggingu hússins á sínum tíma og áhersla lögð á aukna hljóðvist.

Stutt er í verslun og þjónustu, meðal annars sundlaug, líkamsrækt, íþróttahús, heilsugæslu, skóla og verslunarkjarnann Eiðistorg þar sem finna má matvöruverslun Hagkaups og fleiri verslanir.




**Íbúðinni á Hrólfsskálamel 6 fylgir gott bílastæði í bílageymslu.**

**Hrólfsskálamelur 6 er einstaklega góð íbúð og stutt er í verslun og þjónustu. Mikið var lagt í byggingu hússins á sínum tíma og áhersla lögð á aukna hljóðvist.**

Þetta er einstaklega góð íbúð í vönduðu húsi. Hún fæst einungis í skiptum fyrir stærri íbúð, sérhæð eða lítið einbýli á Seltjarnarnesi.

Nánari upplýsingar fást hjá Fold fasteignasölu í Sóltúni 20. Sími: 552 1400, netfang: fold@fold.is. Utan skrifstofutíma: Rakel í síma 699-0044, Viðar í síma 694-1401, Hlynur í síma 624-8080, Gústaf í síma 895-7205 og Einar í síma 893-9132. Sjá fold.is og Fold á Facebook.

EIGNABORG
FASTEIGNASALA

Hamraborg 12
200 Kópavogur
416 0500
www.eignaborg.is

ÁRANGUR
Í SÖLU
FASTEIGNA

**Laxamýri 2 - 270 Mosfellsbær**

Verð: 104,9 m.




**Raðhús – Stærð 219 fm.**

**Opið hús þriðjudaginn 24 ágúst kl 17.00 – 17.30**

- Fallegt og vel skipulagt endaraðhús á tveimur hæðum.
- Þrjú til fjögur svefnherbergi.
- Tvennar svalir.
- Stór pallur.
- Rúmgóðar bjartar stofur.
- Innbyggður bílskúr.
- Fallegt útsýni.

Upplýsingar gefur Óskar Bergsson,
löggiltur fasteignasali í síma 893 2499
og oskar@eignaborg.is






EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

TIL SÖLU







# Fischersund

Fallegt og reisulegt hús sem búið er að endurbyggja í Grjótaþorpinu. Húsið er í dag fullbúið gistiheimili með öll tilskilin langtímaleyfi en getur hæglega orðið fallegur bústaður fjölskyldu. Alls eru 6 herbergi með sérbaðherbergjum og ein stúdíóíbúð. Rúmgóð stofa og stórt eldhús með útgengi á svalir.

Um frábært tækifæri er að ræða sem felur í sér kaup kaup á stóru og myndarlegu einbýlishúsi sem var endurbyggt að fullu 1992 og er í mjög góðu ástandi. Einnig allur borðbúnaður, húsgögn, tól og tæki ásamt rekstrinum, þar með talið nafnið “Reykjavik Treasure B&B” sem hefur afburða góða einkunn á Booking og TripAdvisor.

Húsið hefur fengið mjög gott viðhald og hefur því verið sinnt af alúð af núverandi eigendum.

**Hafið samband við fasteignasala varðandi verð og rekstrartölur.**



**Elvar Árni Lund**
Löggiltur fasteignasali
693 3518
elvar@eignamidlun.is

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2018



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmunds-dóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Sérbýli óskast í Garðabæ eða Kópavogi - 150-200 fermetra sérbýli í Garðabæ eða í Kópavogi óskast í skiptum fyrir 150 fermetra glæsilega efri hæð í lyftuhúsi með bílastæði í bílastæðahúsi.

### *Bæjargil – Garðabæ*



- Glæsilegt og vel skipulagt 221,6 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum á 495,0 fermetra gróinni og skjólsælli lóð í grónu hverfi við Bæjargil í Garðabæ.
- Eldhúsinnrétting og tæki eru ný og baðherbergi á efri hæð hússins er nýlega endurnýjað. Skipt hefur verið um hitaveituofna að stórum hlut og efri hæð hússins er nýmáluð.
- 5 svefnherbergi eru í húsinu og mögulegt væri að hafa þau 6 alls. Samliggjandi stofur, mjög rúmgóðar og bjartar með gluggum í þrjár áttir.
- Húsið er einangrað að utan og allt nýlega málað nema þakjárn. Ný hellulögð innkeyrsla með hitalögnum undir og ný hellulögð stétt fyrir framan húsið. Stór afgirt viðarverönd til suðurs og vesturs og stór tyrfð baklóð.

**Verð 144,9 millj.**

### *Spítalastígur 10 – Heil húseign.*




Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Mikið endurnýjuð heil húseign með þremur íbúðum auk byggingarréttar að einni íbúð ofan á húsið á horni Spítalastígs og Óðinstorgs.
- Byggingarrétturinn sem fylgir eigninni er að einni hæð og risi ofan á húsið úr álíka efnum, útliti og frágangi og núverandi hús.
- Húsið er timburhús á hlöðnum kjallara, byggt árið 1910. Húsið var mikið endurnýjað fyrir 20 árum síðan, m.a. skipt um allt gler og glugga, bárustál að utan að hluta, allar lagnir o.fl.
- Eitt sér bílastæði á lóð fylgir eigninni. Óðinsgata, Óðinstorg og hluti Spítalastígs eru öll endurnýjuð með hitalögnum undir götum og gangstéttum.

### *Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar á www.105midborg.is

### *Fagranes í Hörgárdal*

**TIL SÖLU**

Til sölu eyðijörðin / lögbýlið Fagranes í Hörgárdal sem stendur beint á móti Hrauni í Öxnadal og frá jörðinni nýtur einstaks útsýnis yfir þá náttúruperlu. Um er að ræða 1200 hektara jörð sem að stórum hluta er á fjalli. Jörðin er skráð sem lögbýli og byggja má þrjú hús á henni skv. upplýsingum frá byggingarfulltrúa á svæðinu þrátt fyrir að ekkert deiliskipulag liggi fyrir á svæðinu. Þetta er heimilt þar sem jörðin er skráð sem lögbýli. Samningur er um skógrækt á jörðinni við Skógræktina. Jörðinni fylgir veiðiréttur í Hörgá sem felst í nokkrum bændadögum. Ágæt rjúpna- og gæsaveiði er á jörðinni. Ekkert deiliskipulag liggur fyrir á jörðinni og ekki er komið rafmagn eða rennandi vatn að henni. Þó eru lækir í fjallinu sem nýta mætti bæði sem neysluvatn og til minni virkjunar.

### *Haukanes - Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús. Sjávarútsýni.*



- Glæsilegt og vandað 517,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á 1.222 fm. eignarlóð með sjávarútsýni á Arnarnesinu.
- Húsið er vandað í alla staði með sérsmíðuðum innréttingum. Aukin lofthæð á báðum hæðum. Stór flísalagður bílskúr. Extra háar innihurðir. Fallegir listar í loftum og extra háir hvítir gólflistar.
- Lóðin er eignarlóð, afgirt að miklu leiti og snýr að mestu til suðurs. Framlóð snýr til norðurs og er með mjög stórri bomanite steyptri innkeyrslu og stéttum, tyrfðri flöt og malarbeðum.

### *Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.*



- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

**Verð 73,9 millj.**

### *Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.*



- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götuhæð Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hljóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er eignarlóð. Afgirt malbikað stórt bílaplan með fjölda bílastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarhlutanum.

**Verð 129,5 millj.**

### *Laugavegur 7- verslunarhúsnæði*

**TIL SÖLU**

- Til sölu 171,2 fm. verslunarhúsnæði með góðum gluggum sem snúa út á Laugaveg.
- Húsnæðið skiptist í opið verslunarrými og lagerrými í kjallara með fullri lofthæð og útgengi á baklóð hússins.
- Sér bílastæði á baklóð.

**ráðum** ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna. Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

# MIKLABORG



**Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

**Jón Rafn Valdimars** – lögg. fasteignasali – Sími: 695 5520
**Gunnar S. Jónsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 899 5856
**Ólafur Finnbogason** – lögg. fasteignasali – Sími: 822 2307
**Atli S. Sigvarðsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 899 1178
**Elín Alfreðsdóttir** – lögg. fasteignasali – Sími: 899 3090
**Þórunn Pálsdóttir** – lögg. fasteignasali – Sími: 773 6000
**Ómar Hvanndal** – hdl. & aðst. fasteignas – Sími: 832 3200
**Barbara R. Bergþórs** – lögg. fasteignasali – Sími: 823 0339
**Svan G. Guðlaugsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 697 9300
**Ásgrímur Ásmunds** – hdl. & lögg. fasteignas – Sími: 865 4120
**Þröstur Þórhallsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 897 0634
**Jórunn Skúladóttir** – lögg. fasteignasali – Sími: 845 8958

2015
2020
Framúrskarandi fyrirtæki



**Þóroddur S. Skapta** – lögg. fasteignasali – Sími: 868 4508
**Jason Kr. Ólafsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 775 1515
**Axel Axelsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 778 7272
**Óskar H. Bjarnasen** – lögg. fasteignasali – Sími: 691 1931
**Kjartan Í. Guðmunds** – lögg. fasteignasali – Sími: 663 4392
**Þórhallur Biering** – lögg. fasteignasali – Sími: 896 8232
**Friðrik Þ. Stefáns** – hdl. & aðst. fasteignas – Sími: 616 1313
**Friðjón Ö. Magnúss.** – lögg. fasteignasali – Sími: 692 2704
**Óskar S. Axelsson** – aðst. fasteignasala – Sími: 691 2312
**Ingi Þór Ingólfsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 698 4450
**Páll Þórólfsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 893 9929
**Ragnheiður Péturs** – hdl. og löggiltur fasteignasali

---

**NÝTT Í SÖLU**



**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Gunnari í síma **899 5856**

## Sólheimar 23
**10x Reykjavík**

**Falleg og vel skipulögð 123 fm íbúð á efstu hæð**

- 3ja herbergja
- Stórar svalir með stórfenglegu útsýni yfir borgina og til fjalla og sjávar
- Bílskúr



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Verð: **68,5 millj.**

---

**NÝTT Í SÖLU**



**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Jóni Rafni í síma **695 5520**

## Raðhólar
**311 Borgarbyggð**

**Einstakar sumarhúsalóðir við Brókarvatn í landi Arnarstapa Borgarbyggð**

- 15 mín. akstur frá Borgarnesi
- Leyfilegt byggingarmagn 100-400 fm
- Bæði leigulóðir og eignalóðir
- Rafmagn og kalt vatn við lóðarmörk



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson**
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð frá: **1 millj.** f. leigulóð
Verð frá: **3 millj.** f. eignarlóð

---

**NÝTT Í SÖLU**



**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Barböru í síma **823 0339**

## Dofraberg 9
**221 Hafnarfirði**

**Falleg 4ra herbergja, 119,6 fm íbúð á tveimur hæðum**

- Frábær staðsetning í nálægð við skóla og alla helstu þjónustu
- Björt og vel skipulögð eign
- Þrju svefnherbergi
- Tvö baðherbergi
- Aukin lofthæð yfir hluta íbúðar
- Geymsla í kjallara



Nánari upplýsingar:
**Barbara R. Bergþórs**
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Verð: **59,9 millj.**

---

**NÝTT Í SÖLU**



**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Jórunni í síma **845 8958**

## Fannarfell 4
**111 Reykjavík ( íb. 201)**

**Falleg 3ja herbergja 83,2 fm íbúð í lyftuhúsi.**

- Stofa sem er björt með útgengt út á svalir sem eru yfirbyggðar.
- Tvö svefnherbergi
- Geymsla og sameiginl þvottahús í kjallara
- Eign í grónu hverfi þar sem stutt er í skóla og alla helstu þjónustu



Nánari upplýsingar:
**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **36,9 millj.**

---

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

**569 7000**

**Með þér alla leið**

**miklaborg.is**




**OPIÐ HÚS** í dag þriðjudag 24. ágúst kl. 17.00 - 17.30

## Skúlagötu 40B
**101 Reykjavík**

**Falleg 2ja herb. íbúð á 1. hæð, 60 ára og eldri.**
- Stæði í bílageymslu
- Einkaafnot af lóð fyrir framan svalahurð 36 fm
- Afnot af sána og heitum potti.
- Húsvörður

Verð: **41,9 millj.**

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is




**OPIÐ HÚS** í dag þriðjudag 24. ágúst kl. 17.00 - 17.30

## Holtsvegur 29
**210 Garðabær**

**Glæsileg og björt 5 herb. 154 fm íbúð í nýlegu 9 íbúða fjölbýli með lyftu**
- Þrjú til fjögur rúmgóð svefnherbergi
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Aukin lofthæð
- Tvennar svalir + þaksvalir
- Stæði í bílageymslu

Verð: **79,9 millj.**

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is




**OPIÐ HÚS** í dag þriðjudag 24. ágúst kl. 17.30 - 18.00

## Hólavallagata 5
**101 Reykjavík**

**Falleg 56,7 fm íbúð í kjallara**
- Rúmgóð stofa, svefnherbergi með nýlegum fataskápum
- Eldhús með borðkrók
- Baðherbergi endurnýjað
- Skolp endurnýjað
- Húsið endur steinað
- Afhending við samning

Verð: **35,9 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is




**OPIÐ HÚS** miðvikudaginn 25. ágúst kl. 17.00 - 17.30

## Samtúni 8
**105 Reykjavík**

**129,5 fm sérhæð á 2 hæðum í tvíbýlishúsi**
- Lóðin stendur innan við sjálfa götuna og þ.a.l. er engin umferð við húsið og friðsælt. Sérinngangur.
- Í dag eru þrú svefnherbergi í húsinu (tvö uppi og eitt á neðri hæð) en hægt væri að bæta því fjórða við á efri hæð.

Verð: **72,9 millj.**

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is




## Reynihvammur 2
**220 Hafnarfirði**

**Björt og falleg 4ra herb. 98,5 fm efri hæð í tvíbýli með sérinngangi**
- Eignin er mjög vel staðsett í Hafnarfirði
- Í rólegri botnlangagötu næst Suðurbæjarlaug.
- Mjög miðsvæðis og stutt í alla þjónustu.

Verð: **52 millj.**

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is




**OPIÐ HÚS** miðvikudaginn 25. ágúst kl. 17.00 -18.00

## Miklabraut 76
**105 Reykjavík**

**Rúmgóð og snyrtileg 64 fm íbúð á 2. hæð**
- Gott innra skipulag
- Fín stofa
- Stórt herbergi.
- Endurnýjað eldhús
- Húsið hefur verið endursteinað sem og þak endurnýjað

Verð: **39,9 millj.**

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is




## Hverfisgata 92
**101 Reykjavík ( íb. 405)**

**Glæsileg ný 3ja herbergja 106 fm íbúð á 4. hæð með tvennum svölum**
- Eldhús er **með eyju** og er opið inn í stofu.
- Í stofu eru **gólfsíðir gluggar**
- Tvö svefnherbergi
- Tilbúin fyrir **snjallíbúðar**kerfi
- Fallegur **inngarður**
- **Vandaðar** innréttingar og tæki
- Íbúðin **skilast fullbúin** með gólfefnum

verð **89,9 millj.**

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is




**OPIÐ HÚS** fimmtudaginn 26. ágúst kl. 17.00 - 17.30

## Mánagata 2
**105 Reykjavík**

**Vel skipulagt 190 fm parhús með aukaíbúð**
- Eldhús, stofa og borðstofa á aðalhæðinni
- Tvö stór svefnherbergi á efri hæðinni
- Góð leigueining í kjallara

Verð: **81 millj.**

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is




## Flugumýri 24-26
**270 Mosfellsbæ**

**Glæsilegt iðnaðarbil eða dótakassi**
- Innkeyrsluhurð 3x3 m ásamt gönguhurð
- Stærð 65,3 fm, vinnusalur, starfsmanna aðstaða, kaffistofa og snyrting. Hiti í stétt fyrir framan
- Mikil lofthæð og möguleiki á að gera millipall
- Tveir gámar fygja

Verð: **33,5 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




## Álagrandi 8
**107 Reykjavík**

**Falleg og vel skipulögð 2-3 herb. 79,9 fm útsýnisíbúð á efstu hæð**
- Í dag 2ja herbergja útsýnis endaíbúð
- Hol, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi, stofur.
- Úr stofu eru útsýnis svalir sem snúa til suðvesturs og ná yfir alla íbúðina.

Verð: **52 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




## Hallgerðargata 3-9
**105 Reykjavík**

**Síðustu íbúðirnar í Stuðlaborg sérlega vönduðu fjölbýli**
- Vandaðar innréttingar, tæki og gólfefni
- Allar íbúðirnar eru með vestursvölum
- Stutt í þjónustu, veitingastaði og útivist

| EIGN | HERB | STÆRÐ | VERÐ |
|---|---|---|---|
| 412 | 2 | 66,9 fm | 53,5 m. |
| 510 | 2 | 70,7 fm | 56,9 m. |

Nánari upplýsingar:
s. 773 6000 **Þórunn Pálsdóttir** löggiltur fasteignasali
S: 691 2312 **Óskar S. Axelsson** aðst. fasteignasala

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

job
Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**




# MATUR OG HEIMILI

## MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkera- og matarbloggara, fær innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnist matarmenningu hvers og eins. Sjöfn heimsækir jafnframt heimili ólíkra einstaklinga, kynnist persónulegum stíl þeirra og hönnun.

Matur og Heimili er á dagskrá alla þriðjudaga klukkan 19.00.

BÓNUS

Lemon

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

HRINGBRAUT

Til sölu



**Þekkt og rótgróið þjónustufyrirtæki í Reykjanesbæ til sölu.**

Til sölu er Efnalaugin Vík sem hefur verið starfrækt í 20 ár og er mjög vel rekið og hefur frá upphafi skilað hagnaði og góðri EBITU.

Fyrirtækið er vel tækjum búið sem þvottahús og efnalaug og hefur verið í stöðugum vexti síðustu ár og framtíðarhorfur eru góðar og miklir möguleikar framundan. Kaupunum getur fylgt 715m2 húsnæði sem núverandi starfsemi er í og er í eigu félagsins. Starfsmenn eru að meðaltali 7-9.

Um er að ræða gott fyrirtæki með góða afkomu sem hefur byggt upp traust viðskiptasambönd við einstaklinga og fjölda fyrirtækja til margra ára.

***Gott tækifæri fyrir fjárfesta eða dugmikla einstaklinga.***

**Nánari upplýsingar gefur Einar í síma 6964490**

Efnalaugin Vík

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is

geiri www.geiriehf.is



**Starfsmannaskápar**
**Fataskápar**
**Geymsluskápar**






VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is

geiri www.geiriehf.is

STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur

TAKTIK 5362 #

**Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is**




Sigrún Gunnarsdóttir, hópstjóri Sveitarfélagalausna Wise, og Björn Þórhallsson sölustjóri taka vel á móti viðskiptavinum sem leita stafrænna umbreytinga hjá Wise. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

# Stafræn vegferð stuðlar að sjálfbærum rekstri

Wise býður upp á úrval hugbúnaðarlausna sem gerir fyrirtækjum kleift að taka góðar og vel ígrundaðar viðskiptaákvarðanir.

Margt hefur breyst í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja og stofnana í faraldrinum sem hefur geisað undanfarin misseri og margir þurft að aðlaga sig breyttum veruleika.

„Fyrirtæki sem hafa náð hvað mestum árangri í þessari aðlögun nýta tæknina betur en þau gerðu áður, bæði til að bregðast við breyttu rekstrarumhverfi, sem og til að skapa sér samkeppnisforskot og auka sjálfbærni,“ upplýsir Björn Þórhallsson, sölustjóri hjá Wise.

**Stafræn vegferð með Wise**

Stafræn umbreyting er hugtak sem rammar inn þá breytingu að bæta þjónustu og upplifun viðskiptavina með snjöllum lausnum sjálfvirkni og gervigreind.

„Hugbúnaðarfyrirtækið Wise vinnur að því alla daga að auðvelda viðskiptavinum sínum þessa vegferð, með bæði stöðluðum og klæðskerasniðnum hugbúnaðarlausnum,“ segir Björn, sem gengt hefur starfi sölustjóra hjá Wise yfir fimmtán ár.

Wise, sem áður hét Maritech, þjónustar viðskiptavini í öllum atvinnugreinum þar sem Business Central (áður Navision) frá Microsoft er notað, og segir Björn að öll fyrirtæki og stofnanir geti nýtt sér lausnir Wise í sinni stafrænu vegferð.

„Verið er að leggja lokahönd á lausn fyrir sveitarfélög sem vilja nýta sér stafrænar lausnir með það að markmiði að auka þjónustustig við íbúa og aðra. Wise er að hanna í samstarfi við aðra lausn sem nýtir sér stafræn aðgangskort fyrir sundlaugar sveitarfélaga. Kortið er geymt í sama rafræna veski og rafræn ökuskírteini og birtist á símaskjánum með mynd að aðgangskorti, ekki ólíku því korti sem við höfum í veskinu. Hægt verður að kaupa aðgangskortin á vef sveitarfélagsins eða með því að skanna QR-kóða sem verður aðgengilegur í anddyri sundlauganna. Einnig verður hægt að afgreiða stafrænu kortin í gegnum kassakerfi sundlauganna, Centara,“ útskýrir Sigrún Gunnarsdóttir hópstjóri sveitarfélagalausna hjá Wise.

Einstaklingur getur ákveðið hvort hann vilji kaupa sér árskort, 10- eða 30-miða kort, eða aðgang fyrir eitt skipti.

„Aðgangsverð getur verið breytilegt, til dæmis fá eldri borgarar frían aðgang í sundlaugina, sem þýðir að þegar einstaklingur sem á rétt á afslætti af aðgangsverði í sundlaugarnar kaupir sér aðgangskort þarf hann að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum til að fá afsláttinn sem hann á rétt á,“ upplýsir Sigrún.

**Fjölbreytt lausnaframboð**

Stafrænar lausnir Wise ganga út á að spara tíma, auðvelda aðgang og notkun, ásamt því að aðstoða fyrirtæki í að taka sín skref á átt að sjálfbærni.

> **Væntingar viðskiptavina snúast um að geta gengið að öllum snertiflötum fyrirtækja með sama hætti, hvort sem þeir eru stafrænir eða á staðnum.**
>
> Björn Þórhallsson

„Vöruframboð Wise hefur breikkað mikið undanfarin misseri. Wise býður meðal annars upp á rafræna reikninga sem nýta sér OCR og gervigreind við bókun þeirra. Þessar lausnir gera fyrirtækjum kleift að móttaka og senda frá sér alla reikninga pappírslaust,“ segir Árni Haukur Árnason, hópstjóri Dynamics 365 hjá Wise.

Vettvangslausnir Wise bjóða notendum upp á að sinna þjónustu og eftirliti hjá viðskiptavinum. Allar aðgerðir og skráningar fara fram í snjalltæki starfsmanns sem getur klárað verkið, fengið undirskrift fyrir verklokum, skráð tíma og búið til reikning.

„Snertilausar þjónustur eru hluti af lausnaframboði Wise. Ein af þeim er Rafræn staðfesting, staðfesting á vöruúttekt er þá send með SMS-i í síma móttakanda þar sem hann smellir á hlekk og fær viðmót til að staðfesta vöruúttekt með rafrænum hætti. Með snertilausri staðfestingu verður öll útprentun óþörf og rafræn staðfesting sendist yfir í Business Central sem skapar fullkominn rekjanleika. Móttakandi notar sinn síma og snertir þar af leiðandi ekki tól, tæki né skriffæri afhendingaraðila,“ útskýrir Árni Haukur.

Wise Card-app auðveldar starfsmönnum fyrirtækja sem nota kreditkort og þurfa utanumhald um kvittanir, til dæmis þegar farið er út að borða. Appið heldur utan um samþættingu við kortafyrirtæki og skilar færslum ásamt mynd af kvittun yfir í bókhaldskerfið.

„Þjónustuveflausnir veita viðskiptavinum aðgang að sínum gögnum. Viðskiptavinir geta skoðað viðskiptasögu sína, fengið afrit af reikningum og hreyfingayfirlitum, ásamt því að ganga rafrænt frá viðskiptum,“ greinir Árni Haukur frá.

**Einfalt og þægilegt bókhald**

Aldrei hefur aðgengi að bókhaldskerfi verið jafn auðvelt og með bókhaldskerfi í áskrift hjá Wise.

„Mánaðarleg áskrift veitir viðskiptavinum aðgang að Microsoft Business Central í gegnum snjalltæki eða vafra, hvar og hvenær sem er. Microsoft og Wise sjá um afritun, rekstur og viðhald, og uppfærslur eru í áskrift þannig að viðskiptavinir eru alltaf með nýjustu útgáfu af kerfinu á hverjum tíma,“ útskýrir Björn.

Wise mun enn og áfram auka framboð af stafrænum lausnum samhliða auknum kröfum markaðarins.

„Eins og Satya Nadella, forstjóri Microsoft, komst að orði þegar nokkrir mánuðir voru liðnir af Covid-faraldrinum í lok apríl 2020; „We've seen two years worth of digital transformation in two months.“ Þessi þróun hefur síðan haldið áfram í veldisvexti og fyrirtæki sjá það ekki lengur sem valkost heldur hvenær þau þurfa að taka þátt í stafrænni umbreytingu. Væntingar viðskiptavina snúast um að geta gengið að öllum snertiflötum fyrirtækja með sama hætti, hvort sem þeir eru stafrænir eða á staðnum,“ segir Björn. ■

Wise er í Ofanleiti 2 í Reykjavík og á Skipagötu 9 á Akureyri. Sími 545 3200.

Sjá nánar á wise.is

# Öðruvísi upplifun í Windows 11

Microsoft gefur út nýja útgáfu af Windows-stýrikerfinu seinna á þessu ári. Windows 11 er ekki róttæk breyting frá tíunni, en býður upp á alls kyns breytingar á notendaviðmótinu og upplifun notenda. Það gerir líka meiri kröfur til vélbúnaðar en fyrri útgáfur.

oddurfreyr@frettabladid.is

Microsoft kynnti nýju útgáfuna af Windows-stýrikerfinu í 45 mínútna streymisviðburði í júní síðastliðnum og nokkrum dögum síðar fengu meðlimir í prufuhóp Windows aðgang að kerfinu. Nýja kerfið byggir á sama grunni og Windows 10, en býður upp á fjöldann allan af uppfærslum á viðmóti og upplifun notenda. En nýja kerfið er ekki hannað til að virka á eldri tölvum, svo það eru líkur á að Windows 10 lifi áfram góðu lífi í nokkurn tíma eftir útgáfu Windows 11.

**Miklar viðmótsbreytingar**

Nýja kerfið breytir útliti Windows á ýmsan hátt. Það notar ný tákn, líflegra litaval, ávöl horn og nýja leturgerð. Glugganum sem er notaður til að skoða skrár inni á tölvunni hefur líka verið breytt og hann einfaldaður lítillega. Einnig hafa verið gerðar breytingar sem eiga að auðvelda notendum að raða gluggum á skjánum.

Í Windows 11 eru gerðar frekar stórtækar breytingar á notendaviðmótinu. Start-takkinn er enn þá vinstra megin á verkstikunni (e. taskbar) en þegar smellt er á hann tekur allt öðruvísi viðmót við en hefðbundni listinn af forritum og öðrum tólum. Forritið sem notað er til að breyta stillingum í tölvunni hefur líka tekið miklum breytingum.

Verkstikunni sjálfri hefur einnig verið breytt mikið. Stærsta breytingin er að hún er nú hönnuð þannig að takkar raðast í miðjuna, sem eru töluverð viðbrigði, en það er hægt að breyta þessu svo að takkarnir raðist vinstra megin eins og þeir hafa gert hingað til. Verkstikan er líka komin með alveg nýjan takka sem opnar spjald með alls kyns verkfærum vinstra megin á skjánum. Verkfærin snúa aðallega að þjónustu Microsoft, að minnsta kosti enn sem komið er.

**Meira öryggi og fleiri forrit**

Hugbúnaðaruppfærslur munu nú koma út einu sinni á ári, en ekki tvisvar. Öryggisuppfærslur halda samt áfram að koma á öðrum þriðjudegi hvers mánaðar.

Öryggiskerfi sem nota vélbúnað tölvunnar voru valkvæð í Windows 10, en verða skylda í nýja stýrikerfinu. Það gefur aukna vörn gegn tölvuárásum, sem eru sífellt að verða hættulegri.

Kerfið gerir miklar breytingar á Microsoft Store, sem meðal annars gera það mögulegt fyrir utanaðkomandi hugbúnaðarhönnuði að gera forrit sín aðgengileg á öruggan hátt í gegnum verslunina. Það verður líka nýtt kerfi sem gerir notendum kleift að nota Android-forrit í Windows.




Nýja útgáfan af Windows-stýrikerfinu kemur að öllum líkindum út í október. MYND/MICROSOFT.COM



Þessi mynd gefur ágæta hugmynd um viðmótsbreytingarnar í nýja stýrikerfinu. Hér sést meðal annars hvernig takkar raðast nú á miðjuna á verkstikunni, en ekki vinstra megin. MYND/MICROSOFT.COM

**Bara fyrir nýjar tölvur**

Windows 10 var hannað sérstaklega til að virka á eldri tölvum, en Windows 11 er ekki þannig. Nýja stýrikerfið krefst tiltölulega nýs tölvubúnaðar og það verður ekki hægt að setja það upp á eldri tölvum. Flestar PC-tölvur sem voru hannaðar og seldar árið 2019 eða síðar eiga eftir að virka fyrir Windows 11, en eldri tölvur gætu átt í vandræðum með að keyra það.

PC-tölvur sem voru keyptar árið 2016 eða fyrr eru næstum örugglega of gamlar fyrir nýja stýrikerfið. Það nær til stórs hluta af tölvubúnaði sem er í notkun í dag, ekki síst á mörgum vinnustöðum, svo það gæti verið nokkur bið eftir því að nýja stýrikerfið taki algjörlega við af Windows 10.

**Kemur seinna á árinu**

Microsoft hefur ekki sagt nákvæmlega hvenær nýja stýrikerfið kemur út en hefur tilkynnt að það komi út seint á þessu ári. Þeir sem þekkja til gera almennt ráð fyrir að Windows 11 komi út í október.

Uppfærsla í nýja stýrikerfið verður í boði ókeypis fyrir þá sem eiga Windows 10 en Microsoft hefur ekki enn gefið upp verð á stýrikerfinu. Það er gert ráð fyrir að það verði það sama og á Windows 10. ■





Adobe

Stöðugar nýjungar og þróun á fjölbreyttum lausnum.

Adobe á Íslandi fyrir skapandi fólk í listum, leik og viðskiptum.

FYRIRTÆKI

- **Creative Cloud Pro Edition** fyrir fyrirtæki, ótakmarkaður aðgangur að Adobe Stock.
- **Adobe Document Cloud og Adobe Sign**. Leiðandi umhverfi fyrir alla skjala umsýslu, samstarf, yfirlestur og afgreiðslu skjala. Tímasparandi aðgerðir fyrir PDF skjöl, vinnuflæði og verkefni - þvert á marga skjái og tæki - hvar sem er, hvenær sem er og inni í uppáhalds Microsoft- og fyrirtækjaforritunum þínum.
- **Adobe Stock**. Einföld Adobe Sensei leit, fullkomlega samhæft við Creative Cloud og Microsoft Office 365. Ljósmyndir, myndskreytingar, vektor myndir, vídeó, tónlist og sniðmát.
- **Adobe Substance 3D**. Háþróuð 3D snjöll skapandi forrit til að búa til 3D efni. Substance 3D Stager, Painter, Sampler, Designer, Modeler, Plugins.
- **Adobe Mixamo.** 3D tölvugrafík fyrir leiki, kvikmyndir og fleira.

SKÓLAR / NEMENDUR / KENNARAR

- **Öll Adobe forritin** fyrir skapandi greinar með einfaldri leyfisstjórnun og auðveldri uppsetningu.

LJÓSMYNDARAR

- **Creative Cloud Photography plan** fyrir ljósmyndara.

EINSTAKLINGAR

- **Fáðu allt CC safnið** af skapandi forritum fyrir þig með skýja-þjónustu.

www.hugbunadarsetrid.is



Hugbúnaðarsetrið ehf. er Adobe gold viðurkenndur endursöluaðil. Við leggjum áherslu á að veita góða notendaþjónustu og stuðla að fræðslu í notkun Adobe hugbúnaðar á Íslandi.

HUGBÚNAÐAR SETRIÐ




„Gæði fjarfunda eru orðin hluti af ímynd fyrirtækja og við segjum alltaf að það flóknasta við fjarfundinn á að vera hvernig þú bókar herbergið," segir Sigurgeir Þorbjarnarson. MYND/AÐSEND

# Þjónusta viðskiptavini sína með Microsoft Teams

**Fjölmörg fyrirtæki og stofnanir hér á landi nýta sér Microsoft Teams. Mikil þróun hefur orðið á kerfinu undanfarið sem opnar sífellt fleiri tækifæri fyrir viðskiptavini Advania.**

Eins og flestir þekkja hafði fyrsta bylgja heimsfaraldursins í för með sér ótrúlega hraða innleiðingu á nýtingu Microsoft Teams hjá íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Fyrst um sinn nýttist kerfið öðru fremur til þess að tryggja hljóð- og myndsamskipti milli fólks af heimaskrifstofunum en þegar líða tók á faraldurinn jókst mikilvægi þess að styðja við blandaða fundi, þar sem hluti starfsfólks er saman komið á starfsstöð og hluti á heimaskrifstofunni, segir Sigurgeir Þorbjarnarson, sérfræðingur í samskipta- og fundarlausnum hjá Advania. „Við höfum lagt megináherslu á fjarfundalausnir fyrir fundarherbergi sem eru að fullu samhæfðar við Microsoft Teams. Ákall markaðarins er að nýta þá fjárfestingu sem þegar liggur í hugbúnaðarleyfum. Þá einfaldar það mjög innleiðingu að notendur flestra fyrirtækja og stofnana eru nú þegar orðnir vel læsir á vinnuumhverfi og viðmót kerfisins."

Þegar kemur að fjarfundum segir Sigurgeir skipta miklu máli að fundarherbergi fyrirtækja séu vel búin því upplifunin þarf að vera góð og búnaðurinn einfaldur í notkun. „Gæði fjarfunda eru orðin hluti af ímynd fyrirtækja og við segjum alltaf að það flóknasta við fjarfundinn eigi að vera hvernig þú bókar herbergið. Þegar þangað er komið rétt fyrir fund á allt að virka auðveldlega."

> **Óhætt er að segja að það hafi orðið sprenging meðal viðskiptavina okkar þegar kemur að nýtingu á Teams sem símkerfi, en með því að innleiða símavirknina leggja fyrirtæki af nýtingu fyrri símkerfislausna með tilheyrandi lækkun kostnaðar.**

### Samvinnulausnin er líka símkerfi

Mikil þróun hefur orðið á virkni Microsoft Teams á síðustu misserum sem opnar sífellt fleiri tækifæri fyrir þá viðskiptavini Advania sem innleitt hafa kerfið að einhverjum hluta. „Óhætt er að segja að það hafi orðið sprenging meðal viðskiptavina okkar þegar kemur að nýtingu á Teams sem símkerfi, en með því að innleiða símavirknina leggja fyrirtæki af nýtingu fyrri símkerfislausna með tilheyrandi lækkun kostnaðar. Við höfum innleitt símvirkni í Teams hjá fjölmörgum fyrirtækjum á þessu og síðasta ári. Um er að ræða fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum, allt frá 20–30 manna rekstri með einfaldar skrifstofuþarfir, yfir í 1.000 manna fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri." Sigurgeir bætir við að kerfið nái í núverandi mynd að mæta margvíslegum sértækum þörfum er snúa að skiptiborðs- og þjónustuversvirkni.

### Þekking starfsfólks einfaldar innleiðingu

Inntur eftir því hvort innleiðing símavirkninnar sé umfangsmikið verkefni fyrir viðskiptavini Advania kveður hann svo ekki vera. „Fyrir flest fyrirtæki er innleiðing virkninnar einfalt verkefni. Sérfræðingar Advania koma inn og gera greiningu á núverandi virkni og mögulegum óskum viðskiptavina um framþróun. Að þeirri greiningu undangenginni er högun lausnarinnar hönnuð og ráðist í uppsetningu."

Sigurgeir segir mikilvægt að vanda til verka í upphafi. „Það þarf að meta þarfirnar rétt og velja réttu tólin. Þegar kemur til dæmis að símkerfinu þá er hægt að nýta hina fjölmörgu möguleika í Teams en stundum þarf að setja upp sér þjónustuverslausn, skiptiborða- eða upptökulausn ofan á kerfið til þess að leysa þarfirnar sem fyrirtækin hafa. Sem betur fer eru flestar þessar lausnir komnar í skýið sem einfaldar rekstur til muna og styttir uppsetningartíma. Við bjóðum meðal annars viðskiptavinum okkar að tengjast fjarskiptafyrirtækjum í gegnum IP-gáttir sem hýstar eru hjá Advania, en þannig má forðast alla mögulega viðbótarfjárfestingu í innviðum." Hann bætir við að mikill áhugi markaðarins á þessari þjónustu sé ekki síst kominn til vegna þess að kostnaður við heildarrekstur símkerfisins verður fyrirsjáanlegur og skalast fullkomlega í takt við stærð og þarfir fyrirtækja.



„Innleiðing Teams sem símkerfis er einfalt verkefni," segir Sigurgeir Þorbjarnarson, sérfræðingur í samskipta- og fundarlausnum hjá Advania. MYND/AÐSEND

### Mikið af ónýttum tækifærum fyrir hendi

Eins og fram kom í upphafi ýttu skyndileg áhrif heimsfaraldursins á íslenskt atvinnulíf á ótrúlega hraða innleiðingu á nýtingu grunnvirkni Microsoft Teams. Háhraðatengingar og útbreitt aðgengi íslenskra fyrirtækja að skýjaumhverfi Microsoft grundvallaði þessa hröðu þróun. Sigurgeir bendir á að flest fyrirtæki og stofnanir á Íslandi eigi mikil ónýtt tækifæri til þess að nýta Microsoft365 skýjaumhverfið betur. „Mikil eftirspurn er í dag eftir heildstæðri ráðgjöf um það hvernig megi nýta kerfið sem best. Þar horfa viðskiptavinir okkar meðal annars til vistunar skjala í Sharepoint online sem og þeirrar öryggisvirkni sem Microsoft hefur á síðustu árum gert aðgengilega í gegnum M365 skýjaþjónustuna."

Sigurgeir bætir við að á síðasta ári hafi Advania hlotið hinn eftirsótta titil „Microsoft Partner of the Year" á Íslandi, en þau verðlaun hlaut félagið öðru fremur fyrir að veita íslenskum fyrirtækjum stuðning við að nýta sér skýjalausnir Microsoft á breiðum grunni. „Við þjónustum viðskiptavini okkar með ráðgjöf og lausnum til þess að styðja þá skýjavegferð sem flestir eru komnir á í dag. Við seljum og sjáum um leyfin, allan búnað, fartölvur, skjái, heyrnartól, myndavélar og hágæða fjarfundarbúnað í fundarherbergin. En fyrst og fremst erum við og viljum vera traustur ráðgjafi og þjónustuaðili fyrirtækja í þessum málum." ■

Nánari upplýsingar á advania.is

Microsoft

# Hugbúnaður eflir örgjörva

oddurfreyr@frettabladid.is

Hugbúnaðarfyrirtækið Synopsys Inc. tilkynnti á mánudag að einn viðskiptavina þeirra hefði fengið 26 prósentum meira afl úr örgjörva með því að nota gervigreindarhugbúnað fyrirtækisins. Yfirleitt þarf nýja kynslóð örgjörva til að ná slíkum framförum.

Hönnun örgjörva getur haft mikil áhrif á virkni þeirra og framleiðslukostnað og stórfyrirtæki í þessum geira, eins og Intel og Nvidia, eyða iðulega tveimur árum og hundruðum milljóna dala í að fullkomna hönnun sína.

Synopsys Inc. hannar hugbúnað sem gerir það sama og fyrirtækið er byrjað að bjóða hönnuðum örgjörva að nota gervigreindarhugbúnað sinn svo þeir geti fengið aukinn kraft úr þeim. Samsung er meðal fyrirtækja sem nota hugbúnaðinn og fyrirtækið segir að á síðasta ári hafi hugbúnaðurinn stytt þrep í hönnuninni, sem hefði tekið marga mánuði, niður í nokkrar vikur.



Venjulega þarf ný kynslóð örgjörva að taka við til að það verði svona aukning í afli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Synopsys Inc. segir að hugbúnaðurinn geti tekið með í reikninginn hvaða hugbúnaður verður keyrður á örgjörvunum til að kreista enn meira afl úr þeim. Stórtækt skýjalausnafyrirtæki sem Synopsys nefndi ekki á nafn náði þannig 26 prósentum meira afli úr örgjörva en mennskir hönnuðir gátu náð. ■



Ada var dóttir Byrons lávarðar.

## Fyrsti forritarinn var kona

thordisg@frettabladid.is

Fyrsti forritari heimsins var kona. Það var Ágústa Ada Lovelace sem fæddist árið 1815 og hóf snemma á 18. öldinni að þróa greiningarvél. Hún þróaði líka fyrsta tölvuforritið, heilli öld áður en fyrsta tölvan varð til.

Ada var enskur stærðfræðingur og rithöfundur, þekktust fyrir að vinna að tölvuvél (e. Analytical Engine) fjölfræðingsins Charles Babbage, sem af mörgum er talinn faðir tölvunnar. Ada varð fyrst til að verða þess áskynja að fólk gat notað tölvuna fyrir fleira en einfalda útreikninga. Hún rannsakaði hvernig einstaklingar og samfélagið brugðust við tækni sem samvinnutæki og hannaði fyrsta algóriþmann fyrir þá vél. Því er oft vitnað í Ödu Lovelace sem fyrsta forritara heimsins. Hún lýsti nálgun sinni sem ljóðrænum vísindum og sjálfri sér sem frumspekingi.

Ada var einkabarn enska skáldsins Byrons lávarðar og eiginkonu hans, lafði Byron, en skáldið skildi við móður Ödu þegar hún var mánaðargömul og yfirgaf England fyrir lífstíð skömmu síðar. Um Ödu orti hann, í lauslegri þýðingu: „Ada! Eina dóttir míns hjarta!“ ■



TikTok appið sækir í sig veðrið hjá eldra fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## TikTok vinsælasta appið

sandragudrun@frettabladid.is

Það app, sem oftast hefur verið hlaðið niður það sem af er árinu 2021, er TikTok. Í apríl á síðasta ári hafði fjöldi niðurhala á appinu náð tveimur milljörðum um allan heim. Til að byrja með var appið aðallega notað af Z-kynslóðinni, það eru unglingar og ungt fólk fætt á árunum í kringum aldamótin síðustu. En undanfarið hafa vinsældir appsins aukist hjá öðrum aldurshópum. Markaðssérfræðingar hafa veitt þessum vinsældum athygli og beint auglýsingum í auknum mæli að TikTok-notendum. Sífellt fleiri notendur eru farnir að nota TikTok-aðganginn sinn til að auglýsa ýmiss konar vörur og þjónustu og fá greitt fyrir. Ef ætlunin er að markaðssetja efni fyrir yngra fólk er TikTok svo sannarlega vettvangurinn til þess, enda sá miðill sem unga fólkið notar helst. ■



Vefuppboð nr. 557

# HAUSTPERLUR 2021

## fimmtudaginn 2. september


Gunnlaugur Scheving


Kristján Davíðsson


Þorvaldur Skúlason


Georg Guðni


Jóhannes S. Kjarval


Karl Kvaran


Karólína Lárusdóttir


Tryggvi Ólafsson


Steingrímur Eyfjörð


Sigurbjörn Jónsson


Eggert Pétursson


Lína Rut

vefuppboð á uppbod.is

**Forsýning á verkunum stendur yfir hjá Fold uppboðshúsi og á vefnum uppbod.is**

FOLD UPPBOÐSHÚS

Rauðarárstígur 12–14, sími 551 0400 · www.uppbod.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Bókhald

**FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA**
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is
Rétta rágjafa- og bókhaldsþjónusta

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Til sölu






Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Góð 2ja herb, 60fm íbúð til leigu í 112 Rvk. Uppl. í s. 849 7046

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Tilkynningar

### Tapað - Fundið

**FUNDARLAUN Í BOÐI !**
Hálsfesti með stjörnumerki tapaðist á LSH við Hringbraut (blóðtöku eða röntgen) þann 12. ágúst. Finnandi vinsaml. hringja í s. 864 2035 eða hjp@internet.is

### Einkamál

**HRESS KARLMAÐUR Á BESTA ALDRI ÓSKAR EFTIR AÐ KYNNAST KVK**
Mig langar að kynnast konu um 60+ sem er til í að hittast yfir kaffibolla, spjalla og fl.
**Endilega hafið samb. í s. 611 1333**
**Geymið auglýsinguna !**

### Til sölu

**Til leigu**
Frábær staðsetning á verslunar eða skrifstofuhúsnæði, Hafnargata 23, Reykjanesbæ.
Samtals 238 fm – langtímaleiga.
**Uppl. í s. 893 9777**


# Varmadælur

*Ný kynslóð: Innbyggð sótthreinsun*




**Innbyggt:**
-WiFi
-Spennuvörn
-Lágþrýstivörn

WiFi




NORDIS Áratuga reynsla í Noregi

KGG
KGG.is

Kristjan G. Gislason ehf • 552-0000 • kgg@kgg.is

## Varmadæluskjól



-Öflug
-Úr málm
-Vindþolin

## Frágangshlífar

Frágangshlutar



## Vatnsdælur



## Varmadælurör



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# ÚTSALA
# 20-70% AFSLÁTTUR
## MÖGNUÐ TILBOÐ

**30% AFSLÁTTUR**



**CADENCE PLUSH, QUEEN SIZE**
**ÚTSÖLUVERÐ**
**170.940 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 242.700 KR.**
VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPIR.

**20% AFSLÁTTUR**



**GLACIER BAY FIRM, QUEEN SIZE**
**ÚTSÖLUVERÐ**
**201.760 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 250.700 KR.**
VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPIR.

**70% AFSLÁTTUR**



**POPPY DÝNA**
**ÚTSÖLUVERÐ**
**20.274 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 67.580 KR.**

**SKIPTI OG SÝNINGARRÚM 20-70% AFSLÁTTUR**

**MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP**

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

## Veðurspá Þriðjudagur




Áfram suðlæg átt í dag með dálítilli vætu sunnan- og vestanlands, en þurrt á Norður- og Austurlandi og hlýtt þar. ■


DORMA
Láttu drauminn rætast
Sealy
Amerískir dagar




Sealy Styður við bakið á þér!

Sealy **WASHINGTON**
heilsurúm með classic botni




Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

**Virkilega vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.**

Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Lítil sem engin hreyfing finnst milli rekkjunauta.

Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamanum og heldur honum í réttri stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mýkt. Millistíf dýna.

**Sealy Washington fæst í eftirtöldum stæðum:**
160/180/200 x 200 og 192 x 203 cm

Verðdæmi 160 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 269.900 kr. **AD tilboð: 215.920 kr.**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast


## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Stefán Bergsson (2158) átti leik gegn Benedikt Briem (1858) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.

**26. Hb4!!** Allir aðrir leikir leiða til taps. **26...cxb4 27. e4! De6?**
(svartur varð að gefa hrókinn til baka með 27...Had8 28. exf5 Dxf5 29. Dd5+ De6 30. Db7+ He7 31. Bxe7) og hvítur vann skömmu síðar.

**www.skak.is:** Allar helstu skákfréttirnar ■

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 umslag
5 düddi
6 tvíhljóði
8 sorgbitin
10 tveir eins
11 stafur
12 hemur
13 vitleysa
15 gæta
17 tjútta

**LÓÐRÉTT**
1 varna
2 smátt
3 stjórnpallur
4 hindra
7 hugfesta
9 venjan
12 pínulítilla
14 sár
16 tveir eins

**LÁRÉTT:** 1 albúm, 5 fír, 6 ei, 8 stúrin, 10 tt, 11 enn, 12 agar, 13 rugl, 15 annast, 17 dansa. **LÓÐRÉTT:** 1 afstýra, 2 lítt, 3 brú, 4 meina, 7 innræta, 9 reglan, 12 agna, 14 und, 16 ss.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Skannaðu QR kóðann og fáðu upplýsingarnar beint í símann.
LÍNA OKKAR TÍMA
STYÐJUM STÚLKUR Á FLÓTTA
KAUPTU ARMBANDIÐ
Dagana 26. ágúst til 6. september fer fram fjáröflun Barnaheilla með sölu á Línu armböndum.
Með því að kaupa Línu armband styður þú við stúlkur á flótta í Síerra Leóne og gefur þeim tækifæri á að finna hugrekki og von sem þær þurfa til þess að takast á við þær áskoranir sem á vegi þeirra verða að bjartari framtíð.
Lína Langsokkur er innblástur herferðarinnar en hún sigraðist á óvenjulegum aðstæðum með hugrekki og styrk. Hjálpaðu stúlkum á flótta að verða Lína okkar tíma.
Armbandið má kaupa á barnaheill.is. Einnig verður sölufólk á okkar vegum á ferð við helstu verslanir.
Barnaheill
PIPPI OF TODAY
ASTRID LINDGREN COMPANY

ORMSSON

netgíró

4·3·3.is



433.IS

ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00

Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum. Hann fær til sín áhugaverða viðmælendur og helstu sparksérfræðinga landsins sem gera upp mál málanna.

Þátturinn er sýndur samtímis á Hringbraut og 433.is




# Þriðjudagur

## Hringbraut

**18.00 Lengjudeildarmörkin (e)** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Lífið er lag (e)** Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
**20.00 433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
**20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

## RÚV Sjónvarp

**10.50 Heimaleikfimi**
**11.00 Setningarathöfn**
**14.00 Kastljós**
**14.15 Menningin**
**14.25 Dagny - Ef ég slaka á núna þá dey ég**
**15.30 Gleðin í garðinum**
**16.00 Rabbabari**
**16.15 Menningin - samantekt**
**16.45 Andri á flandri - Í Vesturheimi** Íslendingadagurinn
**17.20 Á götunni**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Handboltaáskorunin**
**18.13 Bitið, brennt og stungið**
**18.28 Hönnunarstirnin I**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Landakort** Saga naglalakksins
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin** Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.
**20.00 Út í alheiminn með Stephen Hawking Into The Universe with Stephen Hawking**
**21.35 Hamingjuleit Hvor ligger Løkken?** Danskir gamanþættir um Henrik og Stephanie sem stefna á rómantíska ferð til Frakklands en kórónuveirufaraldurinn setur strik í reikninginn og þau ákveða að reyna að blása nýjum glæðum í sambandið með því að fara í hjólaferð innanlands. Aðalhlutverk: Lise Baastrup, Nikolaj Kopernikus, Simon Bonde og Roberta Reichardt. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Stjórnandinn Moscow Noir** Sænsk-rússneskir spennuþættir um sænskan fjárfestingaráðgjafa í Moskvu árið 1999 sem gerir áhættusaman samning og eignast í leiðinni hættulega óvini sem svífast einskis. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Tvíburi Twin**
**23.45 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.30 AIG Women's Open**
**16.30 AIG Women's Open**
**23.30 Champions Tour Highlights** Hápunktarnir úr Champions Tour mótunum.

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.05 Moonbase 8** Gamanþáttur frá Showtime um verðandi geimfara sem eru við æfingar í eyðimörkinni í Arizona.
**15.35 Young Rock**
**16.05 90210**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Block**
**20.10 A Million Little Things**
**21.00 Bull**
**21.50 The Stand (2020)**
**22.35 Love Island**
**23.25 The Royals**
**00.10 The Late Late Show**
**00.55 New Amsterdam**
**01.40 Nurses**
**02.25 Good Trouble**
**03.10 Love Island**
**04.00 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur** Æskuminningar Vigfúsar Guðmundssonar, seinni lestur
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 KrakkakastiðSaga Garðarsdóttir**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar**
**20.30 Millispil**
**21.10 Íslendingasögur** Ólafur Páll Torfason
**21.40 Kvöldsagan. Dægradvöl** (17 af 31)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**11.05 The Leisure Seeker**
**12.55 Nancy Drew and the Hidden Staircase**
**14.20 Johnny English Reborn**
**16.00 The Leisure Seeker**
**17.50 Nancy Drew and the Hidden Staircase**
**19.20 Johnny English Reborn**
**21.00 Wendy**
**22.45 Endless**
**00.20 Madame**
**01.50 Wendy**

## Stöð 2

**07.55 Heimsókn**
**08.20 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 The Good Doctor**
**10.05 Logi í beinni**
**10.45 Út um víðan völl**
**11.25 NCIS**
**12.05 Friends**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Family Law**
**13.55 Ísskápastríð**
**14.25 Lögreglan**
**14.45 Dagbók Urriða**
**15.05 Feðgar á ferð**
**15.30 Veronica Mars**
**16.10 The Masked Singer**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Einkalífið** Þættir í umsjón Stefáns Árna Pálssonar en í þeim er rætt við Íslendinga sem eru að skara fram úr á sínu sviði.
**19.40 Saved by the Bell**
**20.15 The Goldbergs**
**20.35 Next**
**21.20 The Murders**
**22.10 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.40 The Wire**
**23.40 Alls konar kynlíf**
**00.05 Pennyworth**
**01.00 Blinded**
**01.45 LA's Finest**
**02.30 The Mentalist**
**03.15 The Good Doctor** Fjórða þáttaröð þessara vönduðu og dramatísku þátta með Freddie Highmore í aðalhlutverki og fjallar um ungan skurðlækni sem er bæði einhverfur og með Savant heilkenni.
**03.55 NCIS**

## Stöð 2 Sport

**08.45 Pepsi Max Stúkan**
**09.15 Aron Pálmason**
**09.45 Stjarnan - Fylkir** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**11.25 Keflavík - Skallagrímur 2006**
**12.05 KR - Njarðvík 2007**
**12.40 Selfoss - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**14.20 Breiðablik - KA** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**16.05 Stjarnan - Fylkir**
**17.50 Stjarnan - Fylkir** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**19.55 Gintra - Breiðablik**
**21.35 Selfoss - ÍBV**
**23.15 Stjarnan - Fylkir**

## Stöð 2 Sport 2

**08.55 Sheriff Tiraspol - Dinamo Zagreb**
**10.35 Monaco - Shakhtar Donetsk**
**12.15 Arsenal - Olympiacos**
**13.55 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni,
**14.20 Leicester - Southampton** Útsending frá leik í FA Cup 2020/2021.
**16.05 New Orleans Saints - Jacksonville Jaguars**
**18.40 Huddersfield - Everton** Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**20.45 Bristol City - Swansea**
**22.25 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys**
**23.20 QPR - Barnsley**

# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ SPAÐANS!

# 16” Pizza

## af matseðli

# 1.600

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna

SPAÐINN

Fjarðargata 11

Dalvegur 32b

# Listin aldrei verið jafn mikilvæg



**Steingerður Sonja gallisdóttir**
steingerdur
@frettabladid.is

**Síðasta fimmtudag stóð Gallerý Port fyrir sýningu á prentverkum eftir efnilega og þekkta íslenska listamenn í Húrra Reykjavík. Árni Már Erlingsson er gallerímeistari Gallerý Ports.**

Síðasta fimmtudag hélt Gallerý Port sýningu í samstarfi við Húrra Reykjavík. Markmiðið var að koma saman góðum viðburði þar sem ungum listamönnum var teflt fram og þeir fengnir til að vinna prentverk með það fyrir augum að gera ungu fólki kleift að fjárfesta í myndlist. Árni Már Erlingsson er gallerímeistari Gallerý Ports.

„Það var góð mæting og stemning góð, við vorum með átta listamenn sem tóku þátt og Hermigervill kom sér fyrir í einu horninu og spilaði ljúfa tóna. Þetta var áhugaverð tilraun fyrir bæði okkur og Húrra Reykjavík, þeir hafa ekki sett upp sýningu að mér vitandi og við ekki unnið í rými sem er fyrst og fremst verslun,“ segir Árni.

> **Ég held að mikilvægi lista sé almennt meira núna en það hefur verið áður, fólk er orðið langþreytt á að komast ekki á viðburði, geta ekki sótt tónleika og listahátíðir.**

Árni segir að nokkur heppni hafi legið í smæð gallerísins í faraldrinum.

„Við höfum verið mjög heppnir í þessu ástandi, það var ekki nema einn og hálfur mánuður sem við þurftum að hafa lokað, annars hefur verið nóg að gera. Myndlistarsenan hefur notið algjörra forréttinda í þessu ástandi, allavega í okkar nánasta umhverfi. Við höfum getað haldið sýningar þar sem við vinnum okkur í kringum þær takmarkanir sem hafa verið hverju sinni og eftirspurn eftir listaverkum verið mikil og á sama tíma þyrstir fólk í að brjóta upp annars litlausa tíma,“ segir hann.

*Hvert er mikilvægi þess að styðja listamenn á tímum sem þessum?*

„Það er mjög mikilvægt að styðja við myndlistarmenn á þessum tímum, mikið af stærri sýningarverkefnum hefur dottið upp fyrir hjá mörgum og á sama tíma og það hefur þurft að fresta mörgum listamessum eða færa þær í stafrænt form á einn eða annan hátt. Það sem hefur haldið okkur gangandi þegar allt hefur verið lokað er að komast á vinnustofuna og geta unnið í okkar verkum.“

*Hvert er mikilvægi listar almennt á tímum sem þessum?*

„Ég held að mikilvægi lista sé almennt meira núna en það hefur verið áður, fólk er orðið langþreytt á að komast ekki á viðburði, geta ekki sótt tónleika og listahátíðir. Þetta eru þessir hlutir sem halda okkur gangandi, að fara á tónleika, í leikhús á listasýningar og njóta þess að vera á meðal fólks. Þrátt fyrir að hafa getað gert þetta inn á milli og í einhverri mynd þá vona ég að stjórnvöld fari að finna lausn á að geta haldið stærri viðburði í þessu árferði.“

Hann segir að það sé nóg að gera á næstunni hjá Gallerý Porti.

„Við erum alltaf á fullu, síðasta laugardag var opnuð ný sýning hjá okkur þar sem þær Freyja Reynisdóttir og Jónína Björg sýna málverk. Síðan erum við mjög spenntir fyrir næstu sýningu en þar koma saman 30 listamenn á stórri samsýningu hjá okkur og verður mikið um góð verk. Síðan er mjög spennandi dagskrá í haust og sjáum við fram á góðar sýningar fram að jólum,“ segir Árni. ■

**Listamennirnir sem tóku þátt:**

- Joe Keys
- Dóra Hrund Gísladóttir
- Margrét Dúadóttir Landmark
- Salka Rósinkranz
- Þorvaldur Jónsson
- Guðmundur Úlfarsson
- Patty Spyrakos
- Árni Már Erlingsson



Árni Már ásamt listafólkinu Guðrúnu Töru Sveinsdóttur og Guðmundi Úlfarssyni. MYNDIR/HJÖRDÍS EYÞÓRSDÓTTIR




Athafnakonan Sigrún Ólafsdóttir og Alexa Mist.



Aron Kristinn Jónasson úr ClubDub lét sig ekki vanta.



Það var margt um manninn á Húrra síðasta fimmtudag.



Rapparinn og leikstjórinn Ágúst Bent, hljóðmaðurinn Markús Hjaltason og Sveinbjörn Thorarensen, einnig þekktur sem Hermigervill.


Walk-in N
Öryggi og vellíðan
Stílhrein sturta.
Sturtubotn fáanlegur í mörgu stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng. 8mm hert öryggisgler.
Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Virka daga 9-18 | Laugardaga lokað
INNRÉTTINGAR
& TÆKI




LARKINHURST

Fallegt sófasett í ekta amerískum stíl. Úr jarðarlitu, þykku efni sem minnir á vintage leður, bólstraðir armar og útskornir fætur. Hannaður til að láta þér líða vel. Fæst sem 1-3ja sæta sófar en einnig sem (3ja sæta) svefnsófi. Skrautpúðar fylgja.

2ja sæta sófi: 99 x 168 x 96 cm
159.990 kr. ~~179.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 99 x 226 x 96 cm
179.990 kr. ~~199.990 kr.~~

Hægindastóll: 101 x 109 x 101 cm
79.990 kr. ~~99.990 kr.~~

3ja sæta svefnsófi: 99 x 226 x 96 cm
249.990 kr. ~~269.990 kr.~~



ROYBECK

Skemmtilegur viðarskápur Stærð: 86 x 41 x 92 cm

59.990 kr. ~~69.990 kr.~~

ALLIR LA-Z-BOY STÓLAR OG SÓFAR Á TILBOÐI



PINNANCLE

LZB hægindastóll. Svart eða brúnt leður. Stærð: 97 x 86 x 109 cm

161.492 kr. ~~189.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100





Höskuldur fékk hugmyndina að söngleiknum á tónleikum með Frikka Dór og hafði stuttu síðar samband við Berglindi enda höfðu þau áður unnið saman. MYND/STEFANÍA ELÍN LINNET

# Það náttúrlega elska allir Frikka Dór

Á föstudaginn verður frumsýndur söngleikurinn Hlið við hlið sem byggður er á lögum Frikka Dórs. Hugmyndin kom til Höskulds Þórs á tónleikum með Frikka fyrir nokkrum árum. Hann fékk Berglindi Öldu með sér í verkið enda vinna þau einstaklega vel saman.

steingerdur@frettabladid.is

Næsta föstudag verður söngleikurinn Hlið við hlið frumsýndur í Gamla bíói, en hann er byggður á lögum tónlistarmannsins Friðriks Dórs Jónssonar. Hugmyndin kom til Höskuldar Þórs Jónssonar sem fékk Svo Berglindi Öldu Ástþórsdóttur með sér í verkið, en þau höfðu þekkst frá því í Versló. Hlið við hlið fjallar um borgarstrákinn Dag, sem leikinn er af Kristni Óla, einnig þekktur sem tónlistarmaðurinn Króli, sem fær sumarvinnu á sveitahóteli.

„Til að byrja með þá hef ég alltaf verið mikill Frikka-maður í gegnum tíðina. Maður byrjaði auðvitað ungur að hlusta á hann þegar hann gaf einmitt út titillag sýningarinnar, Hlið við hlið, og hefur hann í rauninni bara gefið okkur hittara eftir hittara síðan. Svo var það í rauninni þegar ég fór með mömmu á tónleikana hjá honum í Eldborg 2017 að hugmyndin kviknaði,“ segir Höskuldur.

Hann segir hugmyndina hafa lengi mallað í kolli hans þangað til hann ákvað að kýla á þetta og heyrði í Frikka í byrjun árs 2020.

„Þá vorum við að klára sýningarferli á annarri sýningu sem sami kjarni af fólki setti upp í Hafnarfirði árið 2019 og bar heitið Ðe lónlí blú bojs. Frikki hafði heyrt góða hluti um þá sýningu og var til í að hitta þennan unga pjakk sem vildi bera litla hugmynd undir hann. Fundurinn gekk eins og í sögu og fékk ég í raun grænt ljós til þess að spreyta mig á því að sauma saman sögu í kringum lögin hans. Þá heyrði ég auðvitað í Berglindi Öldu og fékk hana með mér í þetta spennandi verkefni, þar sem við vinnum líka svo vel saman, hún er best,“ segir Höskuldur.




> Fundurinn gekk eins og í sögu og fékk ég í raun grænt ljós til þess að spreyta mig á því að sauma saman sögu í kringum lögin hans.
>
> Höskuldur

## Draumahópur

Núna, rúmlega einu og hálfu ári seinna, er margt búið að gerast. Þau upplifa að þeim hafi tekist að skapa fallegan og skemmtilegan heim í kringum rauða þráðinn sem þau sköpuðu í kringum lögin hans.

„Og við getum ekki beðið eftir að fá að leyfa fólki að heimsækja þennan litla heim okkar,“ segir hann.

Æfingarnar hafa gengið mjög vel að sögn Berglindar.

„Við fengum náttúrlega draumahópinn með okkur í lið þannig að þetta er allt eins og það á að vera. Allir sem koma að þessu verkefni eru ungt og hæfileikaríkt fólk sem lítur á þetta sem algjört ástríðuverkefni og er því ekkert nema leikgleði á æfingum,“ segir hún.

Berglind segir þau strax hafa tekið ákvörðun um að passa sig eins og þau gætu, reyna að halda æfingum áfram og stefna á ákveðinn frumsýningardag, þrátt fyrir allt sem faraldrinum fylgdi.

„Ferlið hefur því verið aðeins meira púsluspil en við gerðum fyrst ráð fyrir, en sem betur fer hefur það gengið mjög vel og allir í hópnum tilbúnir að fórna fyrir sýninguna. Friðrik er einmitt kominn með miða á frumsýninguna og fær þá að sjá sýninguna í fyrsta skiptið og hann er ótrúlega spenntur að fá loksins að sjá,“ segir Berglind.

*Hafið þið fundið fyrir miklum áhuga á verkinu?*

„Já, heldur betur! Það elska náttúrulega allir Frikka og tónlistina hans þannig að við höfum ekki fengið neitt nema jákvæð viðbrögð. Margir hafa líka undrað sig á því af hverju enginn hefur gert þetta áður, að þetta sé mjög sniðug hugmynd að söngleik,“ segir hún.

## Uppselt á frumsýningu

Verkefnið hefur verið lengi í vinnslu hjá þeim, núna er loksins komið að þessu.

„Við getum hreinlega ekki beðið eftir að sýna fólki afraksturinn. Miðasalan hefur líka gengið rosalega vel, það er strax uppselt á frumsýninguna og svo eru miðarnir á hinar sýningarnar svoleiðis að rjúka út. Það eykur heldur betur spenninginn,“ segir Berglind.

Eins og stendur eru þau með hugann allan við þetta verkefni að sögn Höskuldar.

„Við erum auðvitað í frumsýningarvikunni núna svo maður hefur ekki orku né tíma í að hugsa um neitt annað en söngleikinn næstu daga. Eins og þekkist líka vel í þessum bransa gerist mjög mikið á síðustu metrunum, nokkrum klukkutímum ef því er að skipta. Nú er það bara að halda rétt á spöðunum og sigla þessu í höfn,“ bætir hann við að lokum.

Hlið við hlið er frumsýnt næsta föstudag í Gamla bíói. Miðar fást á tix.is. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Pizza Hut

# VEISLUVIKA

24.–30. ÁGÚST – TAKE AWAY

## USA ★ COMBO 1.990

STÓR PÖNNUPIZZA – PEPPERONI • 5 VÆNGIR – BBQ EÐA BUFFALO

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði




# FRÉTTABLAÐIÐ

# BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

**550 5000**
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is


■ Bakþankar




Jóns Sigurðar Eyjólfssonar


## Kommúnismi kapítalistanna

Ég er bólusettur í bak og fyrir og flaggaði vottorði upp á það til að komast til Grikklands fyrr í sumar. Fannst það ekkert tiltökumál enda þurfti fólk í Galisíahéraði, hér á Spáni, á sama tíma að sýna slíkt plagg til að komast á barinn uns dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að slík stjórnsýsla varðaði við lög. Ég hef ekki fundið til meins af sprautunni en plaggið er farið að plaga mig svolítið.

Þetta er frekar beygur en bögg því ég hef fylgst með því hvernig hjólað er í fólk sem leyfir sér að gagnrýna bólusetningar eða sóttvarnaðgerðir. Nú síðast fékk tennisleikarinn Stefanos Tsitsipas hastarlega áminningu frá grískum ráðherra, og heilum her fólks, fyrir að segjast ekki munu bólusetja sig fyrr en hann verði skyldaður til þess.

Ég er ekki að gagnrýna neinar aðgerðir en þessi tilhneiging, sem nú er í miklum uppgangi í Afganistan og víðar, að útiloka fólk sem hugsar ólíkt yfirvaldinu, er hryggileg. Ekki síst nú þegar milljarðamæringarnir sem koma saman í Davos róa að því öllum árum að allur almenningur verði orðinn eignalaus en hamingjusamur árið 2030, eins og segir í myndbandi heimsviðskiptaráðstefnunnar. Okkur mun þó ekkert skorta, að þeirra sögn, því við munum leigja allt sem okkur vanhagar um, af þessum sömu herrum væntanlega.

Ótti minn er þessi: Heyrðu, mig langaði að leigja íbúð. Já, allt í lagi, er búið að bólusetja þig? Ertu á Facebook? Hefur þú nokkurn tímann líkt Xi Jinping við Bangsímon? Áttu reikning á Amazon? Trúir þú á Bezos?

Pant ekki fara þangað. ■





